

LÖGMANNABLAÐIÐ

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS 3. TBL. 18. ÁRG. 2012



SKAÐABÓTAÁBYRGÐ
RÍKJA VEGNA MANN-
RÉTTINDABROTA



NÝR VALKOSTUR Í
AÐDRAGANDA ÞJÓÐAR-
ATKVÆÐAGREIÐSLU



Af vettvangi félagsins

Árni Helgason: Leiðari	4
Jónas Þór Guðmundsson Pistill formanns	18

Umfjöllun

Ingvi Snær Einarsson: Þagnarskylda lögmanna	8
Katrín Oddsdóttir: Skaðabótaábyrgð ríkja vegna mannréttindabrota	10
Katrín Helga Hallgrímsdóttir: Nýr valkostur í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslu	16
Anna Lilja Hallgrímsdóttir: Réttarstaða sakaðra manna	20
Eyrún Ingadóttir: Leitin að lögfræðinni á netinu	26

Aðsent efni

Valgarð Briem: Breytingar í sjórétti	14
Sigrún Kristmannsdóttir Landvall: Sambúðarlögin sænsku og reynsla af þeim	28

Á léttum nótum

Þórdís Bjarnadóttir: Istanbul 2012	6
Lagadeild Háskólans í Reykjavík tíu ára	9
„Við áttum ekki skilið stig í kvöld“	13
Af Merði lögmanni	22
Golfsumarið 2012	24

Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057
Netfang: lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMADUR:
Árni Helgason hdl.

RITNEFND:
Haukur Örn Birgisson hrl.,
Katrín Helga Hallgrímsdóttir hdl.,
Þyri Halla Steingrimsdóttir hrl. og
Ingvi Snær Einarsson hdl.

BLAÐAMADUR:
Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:
Jónas Þór Guðmundsson hrl., formaður
Borgar Þór Einarsson hdl., varaformaður
Óskar Sigurðsson hrl., ritari
Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl., gjaldkeri
Guðrún Björg Birgisdóttir hrl.,
meðstjórnandi

STARFSMENN LMFÍ:
Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri
Eyrún Ingadóttir, félagsdeild
Hjördís J. Hjaltadóttir, ritari
Anna Lilja Hermannsdóttir, lögfræðingur

FORSÍÐUMYND:
Í lok september sl. efndi LMFÍ til
námsferðar til Istanbul.

Blaðið er sent öllum félagsmönnum

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn
kr. 2000,- + vsk.
Verð pr. tölublað kr. 700,- + vsk.

NETFANG RITSTJÓRNAR:
arni@cato.is

PRENTVINNSLA:
Litlaprent

UMSJÓN AUGLÝSINGA:
Öflun ehf.
Sími 533 4440
ISSN 1670-2689



MP banki eflir atvinnulífið

MP banki er eini sjálfstæði og óháði einkabankinn og því í kjörstöðu til að veita úrvals þjónustu fyrir íslenskt atvinnulíf, athafnafólk, fjárfesta og sparifjáreigendur.

Stefna okkar er skýr:

Við erum banki atvinnulífsins.

- Við erum sérfræðingar í bankaviðskiptum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og veitum þeim allhliða þjónustu sem og einstaklingunum sem að þeim standa.
- Við erum leiðandi fjárfestingarbanki í fyrirtækjaráðgjöf, markaðsviðskiptum og fjármögnun í gegnum verðbréfamarkað.
- Við erum þekkt fyrir afbragðs árangur í eignastýringu á innlendum sem erlendum mörkuðum – jafnt við góðar sem erfiðar markaðsaðstæður.

Við vinnum náið með viðskiptavinum okkar og metum árangur okkar í vexti þeirra og velgengni.

Verið velkomin í banka atvinnulífsins.

mpbanki
banki atvinnulífsins



Að standa af sér hin tíðu veðrabrigði stjórnmalanna

Á NÆSTU DÖGUM verður gengið til þjóðaratkvæðis um mál sem hefur reglulega skotið upp kollinum undanfarin ár, þ.e. breytingar á stjórnarskránni.

Skipta má þeim sem hafa tjáð sig um breytingar á stjórnarskránni að undanförunu gróflega í þrjá hópa. Til eru þeir, sem vilja nánast engar breytingar gera, svo þeir sem telja að stjórnarskráin þurfi einhverra breytinga við og svo þeir sem vilja fá alfarið nýja stjórnarskrá.

Síðastnefnda sjónarmiðið er að mörgu leyti nýtt af nálinni hér, a.m.k. hin síðari ár. Alþingi hafði þannig samþykkt ýmis konar breytingar á stjórnarskrá undanfarin 20 ár og virtust stjórnmalamenn og flokkarnir almennt vera samstíga um að slíkar breytingar yrðu gerðar á grundvelli víðtækrar sáttar en ekki í krafti meirihlutavalds hverju sinni. Þessi aðferð hafði, þrátt fyrir að ýmsir flokkar færu með meirihlutann á þingi á því tímabili, leitt af sér breytingar á stjórnarskránni árið 1991, 1995 og 1999, sem allar voru gerðar í ágættri sátt.

Þótt slíkt fyrirkomulag kunni fyrir einhverjum að hljóma óspennandi, þá er það í raun eina leiðin til lengri tíma. Ef hverri stjórnarskrárbreytingu fylgir ónáægður minnihluti má gera ráð fyrir því að hans fyrsta verk í meirihluta verði að fá í gegn sínar eigin breytingar. Og svo koll af kolli þannig að á endanum verður þetta grundvallarrit orðið hálfmarklaust, síbreytilegt eftir því hverjir sitja við stjórnvölinn og stöðugt frekari breytinga að vænta. Henni er einmitt ætlað að geta staðið af sér hin tíðu veðrabrigði stjórnmalanna og stundarök þjóðfélagsaflanna, eins og það var orðað.

Sáttmálinn rofinn

Í kjölfar efnahagshrunsins 2008 varð sú breyting að þessi óskrifaði sáttmáli stjórnmalanna, um að stjórnarskránni yrði ekki breytt í átökum, var ekki einasta lýstur ógildur heldur lögðu ýmsir flokkar skyndilega allt í sölnur til að ná fram sem allra mestum breytingum á stjórnarskránni á sem skemmstum tíma. Hið sama átti við um ýmis grundvallarlög í okkar stjórnskipun eins og t.d. kosningalögin. Þannig var lagt fram frumvarp þingmanna úr fjórum flokkum á Alþingi í mars 2009, sem að vísu náði ekki fram að ganga, um breytingu á kosningalögum í þá veru að taka upp persónukjör, tæpum tveimur mánuðum fyrir

kosningar, þrátt fyrir að alþjóðleg viðmið um framkvæmd kosninga leggi blátt bann við því að breyta kosningalögum svo skömmu fyrir kosningar.

Þetta sama vor kom fram í formi frumvarps, sem var flutt af forsætisráðherra og naut meirihlutastuðnings á þingi, fyrsta tillagan að stjórnlagabingi, eins og það hét þá. Sú tillaga var sett fram sem frumvarp til stjórnskipunarlaga sem gekk efnislega út á að Alþingi framseldi stjórnlagabingi vald sitt til að setja nýja stjórnarskrá og leggja í atkvæði þjóðarinnar. Alþingi var hins vegar ætlað að fá tillögurnar til umsagnar. Alþingi átti með öðrum orðum að láta af hendi sitt helsta verkefni, þ.e. að vera stjórnarskrárgjafinn, til stjórnlagabingsins um þinginu var þó náðasamlegast veitt umsagnarréttur um málið!

Því má velja upp í kjölfarið hvort einhver ástæða hefði verið til að kjósa Alþingi áfram fyrst því var ekki lengur treystandi til að fara með stjórnarskrárvaldið. Andmæli stjórnarandstöðunnar á þinginu við þessari tilhögun þóttu ekki nægjanleg ástæða til að breyta málinu eða fresta því en það endaði með málþófi og var að lokum ekki afgreitt.

Það þarf því kannski ekki að undra að margir hafi verið komnir í varnarstöðu þegar það kom að næstu umferð í tilraunum til breytinga á stjórnarskránni. Kosningin til stjórnlagabingsins og ógilding hennar var ekki til að auka tiltrúna á verkefnið. Úr varð að Alþingi skipaði stjórnlagaráð sem starfaði í nokkra mánuði og skilaði þinginu tillögum sínum sumarið 2011. Lítið virðist hafa verið gert við þessar tillögur á þinginu síðan þá og þær hafa einkum verið ræddar út frá formsatriðum en nánast að engu leyti út frá efni málsins. Nú er ákveðið að vísa þeim í þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem beinlínis verður spurt út í hvort vilji sé til þess að tillögur ráðsins verði grundvöllur að nýrri stjórnarskrá.

Þörfin fyrir nýja stjórnarskrá

Ferlið hefur þróast þannig að hér er ekki verið að gera breytingar eða betrubætur á gildandi stjórnarskrá, eins og áður var samstaða um að gera, heldur leggja fram nýja stjórnarskrá sem fellir hina eldri úr gildi.

Tvenns konar rök hafa einkum verið nefnd fyrir því að þjóðin þurfi nýja stjórnarskrá núna. Annars vegar að efnahagshrunið kalli á slíka breytingu og hins vegar að stjórnarskráin frá 1944 hafi verið

til bráðabirgða og það hafi átt eftir að klára hana.

Vandséð er hvaða þörf myndaðist fyrir breytta stjórnarskrá vegna efnahagshrunsins fyrir fjórum árum. Kom stjórnarskráin því einhvern veginn við að fjármálakerfið og skuldir einstaklinga og fyrirtækja þöndust hratt út á nokkrum árum þannig að afar illa fór fyrir heimilum og fyrirtækjum þegar aðstæður breyttust hratt til verri vegar? Allt eins mætti snúa þeirri röksemd við og segja að stjórnarskráin hafi einmitt reynst heilbriggt skjól borgaranna í hruninu og ákveðin vörn gegn þeim æsingi sem gjarnan fylgir slíku umróti. Og hvað hitt atriðið varðar að þá er það vissulega rétt að rætt var um þörfina á að gera breytingar í kjölfar þess að stjórnarskráin var sett árið 1944 þótt umdeilanlegt sé hversu víðtækar breytingar menn höfðu í huga. Aðalatriðið er vitaskuld að alþingismenn þjóðarinnar árin og áratugin eftir lýðveldisstofnunina töldu þörfina þó ekki meiri en svo að breytingar á henni voru fátíðar til að byrja með.

Allt eða ekkert

Vandinn við það annars ágæta starf sem stjórnlagaráð hefur unnið má kannski draga saman með þeim orðum að kappið hefur borist forsjána ofurlíði. Einhverra hluta vegna virðist það t.d. verið mikið kappsmál að sett sé alfarið ný stjórnarskrá í stað þess að breyta þeirri gömlu. Hér er því um að ræða eins konar „take it or leave it“ tilboð, sem gerir jafnvel þeim, sem eru jákvæðir fyrir hluta tillagnanna, erfitt um vik. Hvað á kjósandi að gera sem t.d. vill að forseti geti að hámarki setið í þrjú kjörtímabil, en getur ekki hugsað sér ýmislegt annað, eins og t.d. að óbyggð víðerni njóti skyndilega verndar samkvæmt stjórnarskrá og finnst sérkennilegt að í stjórnarskrá eigi að koma fram að „fyrri spjöll“ á náttúrunni skulu „bætt eftir föngum“? Þótt spurt sé síðan út í nokkur almenn atriði í öðrum spurningum á atkvæðaseðlinum eru þær spurningar orðaðar með svo almennum hætti að erfitt verður að móta útfærð ákvæði úr niðurstöðunni. Af þessum sökum á kjósandinn erfitt um vik.

Þótt hægt gangi að ná fram breytingum á stjórnarskránni, þá er það jákvætt merki en ekki neikvætt. Það sýnir einmitt hvers vegna stjórnarskráin er jafnmikilvæg og raun ber vitni; hún á að breytast hægt og rólega og í víðtækri sátt.



Marteinn Áki Ellertsson

- Stúdent frá MH 2007
- Lagadeild, 3. ár
- Áhersla í námi: Fjármunaréttur, félagaréttur og Evrópuréttur
- Áhugamál: Flug, útivera og félagslíf

Ragnhildur Helgadóttir

- Prófessor í lagadeild
- Doktorspróf frá Háskólanum í Virginíu
- Sérsvið: Stjórnskipunarréttur
- Situr í samninganefnd Íslands við ESB

LAGADEILD HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

10 ára

- BA í lögfræði
- ML í lögfræði
- PhD í lögfræði





Ferðalangar hlusta með athygli á Selmu leiðsögumann í góða veðrinu í Istanbul en 30 stiga hiti var allan tímann.



Prettán manns fóru til eyjarinnar Buyukada í móttöku K. Múnir Hamamcioglu ræðismanns og eiginkonu hans. Efst f.v. Sennur Hamamcioglu, Gestur Jónsson, Guðríður Gísladóttir, Ragnar H. Hall, Jón Rúnar Pálsson. Miðja f.v.: Þorsteinn Haraldsson, Margrét Geirsdóttir, Guðrún Margrét Hannesdóttir, Ingimar Ingason og Hlöðver Kjartansson. Nesta röð f.v. Snædís Gunnlaugsdóttir, Lára V. Júlíusdóttir, Eyrún Ingadóttir. K. Múnir Hamamcioglu og Herdís Jónsdóttir.

Istanbul 2012

LÖGMANNAFÉLAGIÐ EFNDI TIL VIKULANGRAR NÁMSFERÐAR TIL ISTANBUL Í LOK SEPTEMBER SL. ÞAR SEM LÖGMANNAFÉLAG ISTANBUL, DÓMSTÓLL BORGARINNAR OG LÖGMANNSSTOFA VORU HEIMSÓTT AUK SÖGUFRÆGRA STAÐA. ALLS VORU 35 LÖGMENN OG FYLGIFISKAR Í HÓPNUM EN ÞÓRDÍS BJARNADÓTTIR HRL. SKRIFAÐI FERÐASÖGU FYRIR LÖGMANNABLAÐIÐ.

Istanbul er ein sögufrægasta borg í heimi og þar er að finna miklar menningarminjar. Borgin er staðsett mitt á milli menningarsvæða gamla og nýja heimsins. Þar mætast samgöngur, viðskipti, tungumál, þekking og átök gamla heimsins frá því fyrir kristburð og fram yfir árið 1923 en það ár markar endalok Ottómanveldisins.

Rúta með tyrkneska leiðsögumanni okkar, Selmu sem er hláturmild ung kona, sótti hópinn á hótelið og ók okkur á milli staða. Selma kvað Mustafa Atatürk, sem var forseti Tyrklands frá 1923-1938, vera þjóðhetju Tyrkja en hann er oftast nefndur faðir nýja Tyrklands. Atatürk stofnaði lýðveldi og taldi Selma kvenréttindi og ýmis mannréttindi Tyrkja vera honum að þakka. Margir aðrir Evrópubúar hafa hins vegar aðra sýn á Atatürk.

BLÁA MOSKAN, sem var byggð í byrjun 17. aldar af Ahmed soldáni I, var fyrsta en ekki síðasta moskan sem við heimsóttum. Moskan er mikið og

stórkostlegt mannvirki og er nefnd eftir skrautlegum bláum veggflísum innandyra. Til að fá aðgang inn í moskuna varð að hylja axlir og vera í buxum/pílsum niður fyrir hné. Einnig varð að fara úr skónum en vegna hita voru mjög margir berfættir. Ekki liggur fyrir á þessari stundu hvort einhverjir hafi krækt sér í fótasveppi eða annað úr teppinu en þarna ganga um þúsundir manna úr öllum heimshornum daglega.

TOPKAPI HÖLLIN var skoðuð en hún var lengi bústaður Soldána og er stærsta og elsta höll í heimi sem enn er uppistandandi. Hún var höfuðdjásn Ottoman veldisins með mosku, baðhúsi, bókasafni og kvennabúri. Leiðsögumaðurinn okkar taldi kvennabúrin fyrst og síðast hafa verið góð tækfæri fyrir stúlkur sem annars voru keyptar á næsta þrælamarkaði, barnungar. Þær voru settar til mennta og nutu forréttinda og sumar runnu saman við soldána en það hefur auðvitað verið mikill heiður. Starfsmenn kvennabúrsins

voru geldingar en þeir voru keyptir sem ungir drengir á þrælamarkaðnum og sérþjálfaðir í þeim störfum sem biðu þeirra og að öðru leyti líkamlega undirbúnir á þann hátt sem að hentaði til starfa í kvennabúri. Annars lagði leiðsögumaðurinn áherslu á að hlutverk kvennabúrsins hefði að miklu leyti verið stjórnsýslulegt og mjög mikilvægt sem slíkt, en þar með var ljóminn yfir kvennabúrinu tekin að dofna í hugum sumra lögmanna.

Fagleg dagskrá

DÓMSHÚS í Istanbul var heimsótt. Um var að ræða nýlegt margra hæða hús með miklum fjölda dómssala. Þar tók á móti okkur A. Metin Uracin yfirmaður erlendra samskipta hjá Istanbul Bar Association. Hann fræddi hópinn um meðferð dómsmála. Öll mál sem koma fyrir dóminn fara fyrst í sáttameðferð hjá sérstökum dómara, sem reynir sættir. Sækjendur virðast réttærri en



Jónas Guðmundsson formaður LMFÍ þakkar fyrir móttökurnar hjá Istanbul Barosu. F.v. Ece Basmacı Karalar, A. Metin Uracin, Umit Kocasakal og Jónas Guðmundsson.

aðrir lögmenn, þeir nota sérstakan inngang í dómhúsið ásamt dómurum og klæðast samskonar skikkjum og þeir. Verjendur, og aðrir málflytjendur en sækjendur, nota sama inngang og málsaðilar, sakborningar og vitni. Við þann inngang fer fram vopnaleit. Þeir klæðast einnig annars konar skikkjum en dómarmar og sækjendur.

Hópurinn fékk að vera viðstaddur þinghald í refsimáli. Þar voru þrír dómarmar, sækjandi sat jafnhátt og dómarmarnir, þeim á hægri hönd. Verjendur sátu lægra og dómurinum á vinstri hönd. Í þessu þinghaldi var verið að yfirheyra vitni. Athygli vakti að dómsformaðurinn spurði einn vitnin og dómritarinn ritaði framburð vitnanna eftir fyrirmælum dómsformanns. Engin var hljóðupptakan.

LÖGMANNSSTOFAN - BAYRAKTAR LAW FIRM var heimsótt, en eigandi stofunnar er Atty. Dr. Köksal Bayraktar, sem er fæddur 1941. Auk hans starfa sautján lögmenn á lögmennsstofunni sem sérhæfir sig í sakamálum. Athyglisvert var að sjá að allt að sex lögmenn deildu aðstöðu á hverri skrifstofu lögmennsstofunnar. Eigandi og aðrir lögmenn stofunnar fræddu hópinn um starfsemina sem og um tyrkneskt réttarfar. Þá kom m.a. fram að laganám í Tyrklandi tekur fjögur ár en svo þurfa lögfræðingar að vinna í sex mánuði hjá dómstól og sex mánuði á lögmennsstofu til að öðlast málflutningsréttindi.

Hjá ISTANBUL BAROSU (Bar Association) tók meðal annarra á móti okkur formaður félagsins Asst. Prof. Umit KOCASAKAL. Félagið er hið stærsta

í Evrópu og telur 30.000 félagsmenn. Á hverju ári bætast 2.000 nýir við. Athygli vakti hversu frjállega formaðurinn talaði um mannréttindabrot í Tyrklandi en þar er t.a.m. heimilt að hneppa sakborninga í varðhald ef þeir eru grunaðir um brot sem varðar refsingu meira en sjö ára fangelsi. Dæmi eru um að aðilar hafi setið í varðhaldi í allt að tíu ár án þess að koma fyrir dómara.

Bursa

Á laugardegnum var farið með rútu yfir Bosporusund og Marmarahafið til borgarinnar BURSA sem var fyrsta höfuðborg Ottoman veldisins 1326-1365 og er nú fjórða stærsta borg Tyrklands. Í Bursa var Græna moskan heimsótt en þar er grafhýsi Mehmed I, fimmta Soldáns Ottoman veldisins. Kista Mehmeds er í grafhýsi við hlið moskunnar ásamt kistum þriggja dætra hans og fimm eiginkvenna. Síðan var silkibasarinn heimsóttur sem bar nafn



Tveir kátir að loknum innkaupum á kryddmarkaðinum. Jóhann Hjartarson (t.v.) og Sigurður Sigurjónsson.



Prófessor Bayraktar (í miðju) ásamt Jónasi Þór Guðmundssyni formanni LMFÍ.

með rentu og gerðu margir þar góð kaup.

Eftir framangreinda dagskrá gátu ferðalangar skoðað borgina að vild og nýttu flestir það tækifæri vel enda er Istanbul lífleg borg og heillandi. Hópurinn fór einnig í hátíðarkvöldverð þar sem magadans og þjóðdansar frá ýmsum hlutum Tyrklands voru sýndir.

Buyukada

Ræðismaður Íslands, K. Munir Hamamcioglu, sem hafði verið félaginu innan handar við skipulagningu ferðarinnar, bauð þeim sem vildu að koma til eyjarinnar Buyukada. Buyukada er ein af „Prinsa eyjunum“ í Marmarahafi, rétt utan við Istanbul en þessar eyjar eru m.a. sögufrægar fyrir að þeir prinsar sem urðu undir í samkeppninni um keisarastólinn voru sendir þangað, jafnvel augnstungnir og síðar drepnir. Fjölskylda ræðismannsins hefur rekið hótél þar í áratugi en þessar eyjar eru mikið sóttar af ferðamönnum vegna náttúrufegurðar. Þar eru engir bílar en hópurinn fór með hestvögnum upp að gömlu klaustri og fékk sér þar hádegismat. Að því loknu var farið á hótél Splendid þar sem K. Munir og eiginkona hans buðu upp á hressingu. Dagurinn er afar eftirminnilegur og sérstaklega var skemmtilegt að kynna ræðismanninum og konu hans.

Ferðin í heild var bæði fræðandi, upplýsandi og skemmtileg og kom hópurinn betri heim.

Þagnarskylda lögmannna

Upplýsingum, sem lögmaður fær í starfi, skal haldið frá óviðkomandi, þótt lögboðin þagnarskylda banni ekki. Þá reglu skal lögmaður brýna fyrir starfsfólki sínu.

Ekki má lögmaður nota sér upplýsingar, sem honum hefur verið trúað fyrir í starfi, til hagsbóta fyrir gagnaðila.

6. gr. Codex ethicus.

Í MÁLI ÚRSKURÐARNEFNDAR lögmannna nr. 9/2012 var kvartað yfir því að lögmaður hefði upplýst foreldri um barnaverndarmál sem rannsakað var án vitneskju þess. Taldi kærandi að með þessu hefði viðkomandi lögmaður brotið gegn þagnarskyldu sinni samkvæmt 22. gr. laga um lögmennt og 6. gr. siðareglna lögmannna.

Málið varðaði rannsókn lögreglu á máli í tengslum við meint ofbeldi föður gagnvart börnum sínum. Dómari ákvað í framhaldinu að skýrsla skyldi tekin af börnunum í Barnahúsi án vitneskju föðursins á grundvelli heimildar í 5. mgr. 43. gr. barnaverndarlaga. Var lögreglu falið að finna réttargæslumann fyrir börnin og hafði í því skyni samband við hinn kærða lögmann. Lýsti lögmaðurinn því að lögreglufulltrúi hefði haft samband símleidis og boðið sér að mæta í Barnahús sem réttargæslumaður vegna skýrslutöku. Honum hafi hins vegar ekki verið tjáð hvert rannsóknarefnið væri en aðeins að rannsóknin beindist að tilteknum manni og til stæði að taka skýrslu af einhverju barni hans. Lögmaðurinn greindi viðkomandi lögreglufulltrúa að hann gæti ekki tekið að sér starf réttargæslumanns barnanna þar sem hann hefði áður starfað í þágu föðursins. Lögmaðurinn nefndi að hann gæti hins vegar tekið að sér koma fram sem verjandi föðursins en til þess hafi ekki komið þar sem í ljós kom að hann var þegar kominn með verjanda.

Lögmaður ber þagnarskyldu um hvaðeina sem honum er trúað fyrir í starfi sínu. Starfsmaður lögmanns er einnig bundinn þagnarskyldu um slík trúnaðarmál sem hann kann að komast að vegna starfa sinna.

- Áður en lögmaður tekur að sér verk ber honum að vekja athygli þess sem til hans leitar ef hann telur einhverja hættu á að hagsmunirnir sem í húfi eru kunni að rekast á hagsmuni hans sjálfs, venslamanna sinna eða annars umbjóðanda, eða að samsvarandi tormeiki geti risið við rækslu starfans.

22. gr. laga nr. 77/1998 um lögmennt.

Skömmu síðar kom faðir barnanna á skrifstofu lögmannsins vegna annars máls og spurði lögmaðurinn þá hvernig hefði farið með málið í Barnahúsi enda hefði lögmaðurinn verið nokkuð undrandi á því að faðirinn hefði leitað til annars lögmanns til að gæta hagsmuna sinna. Í ljós hafi komið að faðirinn vissi ekki um neitt mál í Barnahúsi og hafi lögmaðurinn þá sagt að lögreglan hefði haft samband við sig vegna máls sem væri í gangi en hann vissi að öðru leyti ekkert um.

Lögmaðurinn gerði sér þá grein fyrir því að skýrslutaka í umræddu máli kynni að grundvallast á undanþáguheimild 104. gr. sakamálalaganna um skýrslutöku fyrir dómi án þess að sakborningur væri kvaddur á dómþing. Hafi hann því haft samband við lögreglufulltrúann og látið vita að hann hefði upplýst föðurinn um að eitthvað mál væri í gangi í Barnahúsi enda hefði hann ekki vitað að það hefði verið án vitundar föðursins.

Í kjölfarið kærði barnaverndarnefnd sveitarfélagsins lögmanninn fyrir brot á framangreindum þagnarskylduákvæðum laga og siðareglna lögmannna þar sem vitneskja föðursins hafi spillt rannsókn sakamálarannsóknarinnar og kynni að

hafa afleiðingar á áframhaldandi vinnslu barnaverndarmálsins.

Hinn kærði lögmaður benti meðal annars á það í athugasemdum til úrskurðarnefndarinnar að honum hafi ekki verið kynnt annað en að skýrslutakan í Barnahúsi væri vegna venjulegrar rannsóknar. Lögmaðurinn taldi sig því ekki hafa brotið trúnað samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum lögmannalaga.

Í niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar er vísað til þess að 6. gr. siðareglna lögmannna verði túlkuð á þá lund að í henni felist að almennt þurfi lögmennt að gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja þegar til þeirra er leitað með mál, sem þeir taka svo ekki að sér.

Nefndin taldi ljóst að lögmaðurinn hefði ekki brotið af ásetningi gegn trúnaðarskyldu sinni enda skildi hann fyrirspurn lögreglunnar þannig að um væri að ræða hefðbundna skýrslutöku í venjulegu sakamáli. Hins vegar þyrfti að taka afstöðu til þess hvort lögmaðurinn hefði sýnt að sér aðfinnsluvert aðgæsluleysi þegar hann nefndi „Barnahúsmálið“ við föðurinn. Nefndin vísaði til þess að það heyrði til algjörra undantekninga að mál séu rannsökuð án vitneskju sakbornings og að því ekki verið haldið fram í málinu að lögmanninum hafi verið gefið sérstakt tilefni til að ætla að svo hefði verið umrætt sinn. Þvert á móti hafi verið nærtækt að lögmaðurinn ályktaði að föðurnum væri kunnugt um málið úr því lögreglufulltrúinn hafi vísað til þess að hann væri þegar kominn með verjanda án þess að láta þess getið að málið væri rannsakað án hans vitneskju.

Nefndin taldi því að um hefði verið að ræða einkar óheppilegan misskilning í símtali tveggja manna, sem hinum kærða lögmanni yrði ekki kennt um, auk þess sem lítið var til þess hvernig lögmaðurinn brást við þegar honum varð ljóst hvers kyns var.

Ingvi Snær Einarsson bdl.



Lagadeild Háskólans í Reykjavík tíu ára



F.v. Jóhannes Karl Sveinsson, Arnar Jónsson, Katrín Jakobsdóttir, Sigurður Tómas Magnússon, Björn Bjarnason, Róbert R. Spanó og Sigríður Árnadóttir.

FÖSTUDAGINN 14. SEPTEMBER sl. fagnaði lagadeild Háskólans í Reykjavík tíu ára afmæli sínu með málþingi þar sem Rasmus Kristian Feldthusen prófessor og formaður námsráðs lagadeildar við Kaupmannahafnarháskóla var aðalræðumaður. Að því

loknu voru umræður um lagakennslu og faglegt siðferði lögfræðinga undir stjórn Sigurðar Tómasar Magnússonar prófessors við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Þátttakendur voru Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningar- málaráðherra, Arnar Þór Jónsson

sérfræðingur við lagadeild Háskólans í Reykjavík, Björn Bjarnason fyrrverandi menntamálaráðherra, Jóhannes Karl Sveinsson hrl., Róbert R. Spanó forseti lagadeildar Háskóla Íslands og Sigríður Árnadóttir saksóknarfulltrúi.

Skjalatætarar eru öryggistæki

Örugg eyðing, ólæsilegar og órekjanlegar upplýsingar

IDEAL er öruggt merki



IDEAL
3803

Ný kynslóð af pappírstæturum

Pappírstætarar í miklu úrvali, allt frá litlum tæturum við skrifborðið að afkastamiklum skrifstofutæturum.

Öryggisbúnaður, rafræn stýring.

Hárbeittir tætarahnífar úr vönduðu stáli, 30 ára ábyrgð.

Hljóðlátir en öflugir mótórar.

IDEAL 3803

Öflugur skjalatætarei fyrir skrifstofuna.

Breidd inntaks 380 mm.
Rúmtak geymslu 160 lítrar.



IDEAL
2404

NÝTT

IDEAL 2404

Breidd inntaks
240 mm.

Rúmtak geymslu
50 lítrar.

Bjóðum fleiri gerðir og stærðir

**Lögmenn!
15% afsláttur
til ykkar**

CE IDEAL lýtur evrópskum gæðastaði í framleiðslu skjalatætara.

hvítlist

Krókhálsi 3 569-1900

Skaðabótaábyrgð ríkja vegna mannréttindabrota



F.v. Ragnar Aðalsteinsson, Percy Bratt og Sigrún Kristmannsdóttir Landvall en hún stjórnaði fundinum.

ÞANN 5. OKTÓBER síðastliðinn var haldinn fundur hjá Lögmannafélaginu undir yfirskriftinni „skaðabótaábyrgð ríkja vegna mannréttindabrota“. Sænski lögmaðurinn Percy Bratt hélt erindi um þróun slíkrar ábyrgðar í heimalandi sínu Svíþjóð. Percy rekur þar lögmannsstofu og var starfsfólk stofunnar meðal þeirra sem sátu fundinn sem var vel sóttur. Percy er jafnframt í forsvari fyrir frjáls félagasamtök sem nefnast „Civil Rights Defenders“ og beita sér í þágu mannréttinda.

Eftir að Percy hafði lokið máli sínu fjallaði Ragnar Aðalsteinsson hrl. hjá Rétti um stöðu mála á Íslandi, m.a. hvað varðar áhrif dómaframkvæmdar Mannréttindadómstóls Evrópu á íslenskar dómstúrnir. Á fundinum spruttu líflegar umræður og verða hér rakin örfá þeirra mála sem rædd voru.

Mikilvæg fordæmi frá Strassbourg

Um þessar mundir eru um 160.000 mál sem bíða úrlausnar Mannréttinda-

dómstóls Evrópu. Percy benti á að sú staða leiddi til þess að erfitt væri að koma málum fyrir dómstólinn og því mikilvægara en nokkru sinni að fólk gæti treyst á réttláta niðurstöðu fyrir landsdómstólum.

Percy fjallaði ítarlega um áhrif dómaframkvæmdar Mannréttindadómstólsins á sænskan rétt en sagði að það væri gagnlegt að skiptast á upplýsingum milli landa þar sem lögmennt gætu ýmislegt lært af reynslu kollega sinna annars staðar. Hann rakti fjóra dóma sem hafa markað nýja stefnu í sænskri framkvæmd þar sem þeir kváðu á um skaðabótaábyrgð ríkisins vegna mannréttindabrota þrátt fyrir að ekki hafi verið sérstaklega kveðið um slíka heimild í sænskum lögum.

Sænskir dómstólar dæma í samræmi við MDE

Dómarnir sem um ræðir eru frá árunum 2005 til 2009. Byggðu þeir meðal annars á þeirri túlkun Mannréttindadómstólsins að væri borgara ekki veitt málsmeðferð

fyrir dómstól innan sanngjarns tíma væri viðkomandi ríki bótaskyld þar sem slík framkvæmd samrýmdist ekki kröfu um réttláta málsmeðferð. Væri ekki hægt að grípa til úrræða á borð við refsilækkun taldi Mannréttindadómstólinn að bætur yrðu að koma fyrir óhóflegar tafir ellegar væru engin varnaðaráhrif sem hveittu ríki til þess að afgreiða dómsmál með eðlilegum hraða.

Í máli sem kennt er við Lundgren (NJA 2005, bls. 462) var um að ræða sakamál þar sem sakborningur þurfti að bíða í sjö ár áður en sænskir dómstólar sýknuðu hann. Um var að ræða brot á 6. gr. mannréttindasáttmálans, sem kveður á um rétt til málsmeðferðar „innan hæfilegs tíma“. Þar sem um sýknu var að ræða komu refsilækkunarástæður ekki til greina og því sótti Lundgren þessi sænska ríkið til sakar í skaðabótamáli og fór bæði fram á fjárhagslegar og ófjárhagslegar bætur. Sem fyrir segir var ekki fyrir að fara lagaheimild í sænskum lögum til að veita slíkar bætur. Hins vegar dæmdi Hæstiréttur Svíþjóðar honum bætur með tilvísan í framkvæmd Mannréttindadómstólsins. Percy sagði að þessi niðurstaða hefði valdið miklum usla í Svíþjóð og margir lögmennt brugðist ókvæða við. Hefðu viðkomandi ávallt talið að þrátt fyrir að mannréttindasáttmálinn væri lögfestur í Svíþjóð væri ekki um „alvöru“ lög að ræða. Aðrir dómur sem Percy fjallaði um voru á sömu leið þrátt fyrir ólík málsatvik og að grundvöllur bóta væri brot á mismunandi greinum mannréttindasáttmálans. Var því staðfest sú meginregla að fyrir brot á mannréttindum skuli sænska ríkið bera bæði fjárhagslega og ófjárhagslega skaðabótaábyrgð.

Með dómi frá 2009 á bls. 463 í NJA var einnig staðfest að sveitarfélög bæru



Á fimmta tug manna sótti fundinn.

samskonar bótaskyldu vegna brota á mannréttindum sem þau bæru ábyrgð á að tryggja.

Hugrakkur Hæstiréttur

Percy sagði að draga mætti tvær meginályktanir af umræddri dómaframkvæmd sem vakið hafði hörd viðbrögð sænskra lögfræðinga. Í fyrsta lagi að Hæstiréttur Svíþjóðar sýndi mannréttinasáttmálanum virðingu og tryggð með því að fylgja meginreglum Mannréttindadómstólsins. Í öðru lagi lagði Percy áherslu á það hugrekki sem fylgdi viðkomandi dómum í ljósi þess að mikil tregða væri innan lögmennastéttarinnar þegar kæmi að túlkun laga með tilliti til þjóðréttarlegra skuldbindinga. Væri þá umræðan gjarnan á þeim nótum að eitt væri lög en annað pólitík. Gerði Percy góðlátlegt grín að þeim usla sem dómaframkvæmdin vakti meðal sænskra starfsbræðra hans. Fór svo að lokum að sett voru lög sem tiltóku að ríkið skyldi bótaskyld í tilfellum sem þessum og þannig var dómaframkvæmd Hæstaréttar lögfest. Þrátt fyrir að margir teldu það merki um framsýni og róttækni löggjafans hallaðist Percy fremur að því að þarna væri löggjafinn að gera tilraun til að slá

á fingur dómstólsins og segja „hingað og ekki lengra“ með viðkomandi lagasetningu.

Stundum skortur á samræmi

Eftir að Percy lauk máli sínu tók Ragnar Aðalsteinsson við og fór yfir stöðu Mannréttinasáttmála Evrópu á Íslandi, m.a. með tilliti til lögfestingar sáttmálans árið 1994 og endurskoðunar mannréttindakafla stjórnarskrár til samræmis við hann árið 1995. Sagði Ragnar að bæði fyrir og eftir lögleiðingu sáttmálans hér á landi hefðu íslenskir dómstólar stuðst við hann í niðurstöðum sínum og þá sérstaklega Hæstiréttur. Talaði Ragnar um að stjórnarskrárákvæði væru túlkuð í anda mannréttinasáttmálans eftir breytingarnar 1995 og að íslenskir dómstólar notuðu gjarnan sömu aðferðafræði og Mannréttindadómstóllinn til að meta hvort um brot hefði verið að ræða. Sagði Ragnar að þrátt fyrir tilraunir til samhæfingar hefði íslenskum dómstólum á tíðum þó einnig mistekist og tók hann tvo nýja dóma sem féllu í sumar þar sem Ísland var talið brotlegt gegn tjáningarfrelsisákvæðum sáttmálans vegna dóma yfir blaðamönnum. Þar hafði ekki verið athugað sem skyldi

hvort takmarkanir væru nauðsynlegar í lýðræðislegu þjóðfélagi, líkt og gert væri ráð fyrir.

Sem dæmi um dóm um bótaskyldu vegna mannréttindabrota á Íslandi nefndi Ragnar mál frá 1993 þegar ríkið var talið bótaskyld vegna ófullnægjandi aðgangs blinda nemandanna að Háskóla Íslands og nemandanum tildæmdar miskabætur. Sagðist Ragnar einungis minnst eins máls þar sem Hæstiréttur hefði túlkað mannréttinasáttmálann í andstöðu við íslensk lög en það var í svokölluðu dómstúlksmáli.

Eftir að Ragnar lauk máli sínu spunnust líflugar umræður um stöðu mála meðal fundargesta. Var meðal annar fjallað um hvort skortur á rökstuðningi í dómum gæti varðað brot á réttlátri málsmeðferð og sagði Percy það afar slæmt þegar dómara væru of latir til að fjalla um þau álitafni sem fyrir þá væru lögð.

Hvað varðar spurninguna um fjárhæð bóta sagði Percy að það ætti að reynast ríkjum dýrt að brjóta mannréttindi borgaranna. Íslenskir og sænskir fundargestir voru sammála um að niðurstöður dómstóla séu iðulega knúnar fram

af málflutningi lögmanna, og ef þeir legðu ekki áherslu á dómafrankvæmd mannréttindasáttmálans myndu dómstólar hreinlega ekki líta til slíkrar frankvæmdar í sumum tilfellum.

Okkar hlutverk að þróa lög

Ragnar sagði að þrátt fyrir að það kynni að hljóma hrokafullt komandi frá lögmanni þá væri það vissulega hlutverk lögmanna að „mennta“ dómstóla með því að koma með nýjar hugmyndir um túlkun laga og leggja áherslu á erlenda frankvæmd. Ef ekki lögmennirnir hverjir

eru það þá sem eiga að sinna slíku starfi? spurði hann og bætti við: „það er okkar hlutverk að þróa lög“.

Barst talið að því hversu mjög hefði aukist áhersla á kennslu í mannréttindum í laganámi sem fundargestir sammæltust um að væri jákvætt. Kom fram að það væri ákjósanlegt að Lögmannafélagið myndi mennta meðlimi sína meira með fyrirlestrum um mannréttindi og þróun á því réttarsviði til að tryggja endurmenntum lögmanna. Gestir fundarins sögðu mikla þróun hafa

átt sér stað og nú væri svo komið að meira að segja einkafyrirtæki stýddust við mannréttindaákvæði til að ná fram hagsmunum sínum. Þannig gætu lögmenn ekki sniðgengið mannréttindaákvæði við gæslu hagsmuna viðskiptamanna sinna á þeim forsendum að þau ættu aðeins við á þröngu afmörkuðu sviði. Ákvæðin koma víða við sögu og áhrif þeirra eru afar víðtæk.

Katrín Oddsdóttir hdl.

NÁMSKEIÐ HAUSTANNAR 2012

Samaðild og samlagsaðild - 6. nóvember

Fjallað verður um sameiginlega aðild til sóknar og varnar í einkamálum. Teknir til umfjöllunar athyglisverðir dómur sem fallið hafa í Hæstarétti á allra síðustu árum þar sem reynt hefur á skylduna til samaðildar til sóknar eða varnar og heimildina til aðilaslags. Sérstaklega verður fjallað um einstakar tegundir aðilaslags, þ.e. samlagsaðild, varaaðild og sakaukaaðild og dóma Hæstaréttar þar að lútandi.

Kennari: Sigurður Tómas Magnússon prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík
Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, Reykjavík.
Tími: Þriðjudagur 6. nóvember 2012 kl. 17:00-19:00
Verð: Kr. 13.500,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 10.000,-

Mat á umhverfisáhrifum - 8. nóvember

Farið verður yfir lög um umhverfismat áætlaða og lög um mat á umhverfisáhrifum m.a. í ljósi dóma Hæstaréttar og fyrirbyggjandi álita umboðsmanns Alþingis; hugmyndafræðina að baki matsferlum og samspil form- og efnisreglna; hlutverk viðkomandi stofnana og heimildir; kæruleiðir og hlutverk lögmanna.

Kennarar: Aðalheiður Jóhannsdóttir prófessor við lagadeild Háskóla Íslands og Dýrleif Kristjánsdóttir hdl. hjá Lex.
Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, Reykjavík.
Tími: Fimmtudagur 8. nóvember 2012 kl. 16:00-19:00.
Verð: Kr. 27.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 20.000,-

Fyrir starfsmenn lögmannastofa: Nokkur hugtök lögfræðinnar - 7. nóvember

Fjallað verður um meðferð mála hjá dómstólum og stjórnarsýsluáðilum. Er einhver munur á grunnreglum einkamálaréttarfarsins og málsmeðferðarreglum hjá kærunefndum? Hvað eru kærunefndir og hvernig eru mál borin undir þær? Hver er munur á einkamálum og opinberum málum? Hvernig fara opinber skipti fram og af hverju? Hver er þýðing gjaldþrotaskipta?

Farið verður stuttlega yfir innheimtuferli skulda frá upphafi til enda, svo sem greiðsluáskorun, aðfararbeiðni, undanfara og frankvæmd uppboðs. Að lokum verður rætt um kaupmála, sambúðarslit og hver er munur á réttarstöðu í sambúð eða hjónabandi.

Kennari: Margrét Gunnlaugsdóttir hrl., hjá Acta lögmannastofu.
Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, Reykjavík.
Tími: Miðvikudagur 7. nóvember 2012 kl. 13:00-16:00.
Verð: Kr. 20.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 15.000,-

Almannatryggingaréttur - 13. nóvember

Fjallað verður um elli- og örorkulífeyri skv. lögum um almannatryggingar, lög um félagslega aðstoð og áhrif flutnings milli landa á lífeyri. Stuðst verðu m.a. við úrskurði úrskurðarnefndar almannatrygginga.

Kennari: Ragna Haraldsdóttir, hdl. og framkvæmdastjóri stjórnarsýslusviðs Tryggingastofnunar.
Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, Reykjavík.
Tími: Þriðjudagur 13. nóvember 2012 kl. 16:00-19:00
Verð: Kr. 20.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 15.000,-



Logos var í þriðja sæti sem er besti árangur liðsins til þessa. Til þess að hvetja liðið áfram á sigurbrautinni (í anda nútíma markmiðssetningar) fékk það mynd af sér með bikarinn. Má vænta mikils af þessum knáu piltum í framtíðinni. Efri röð f.v.: Stefán Þór Ólafsson, Erlendur Gíslason, Sigurbjörn Ingimundarson, Fannar Freyr Ívarsson og Kristófer Jónasson. Neðri röð f.v.: Ívar Bragason, Heiðar Ásberg Atlason, Halldór Brynjar Halldórsson og Ásgeir Sigurður Ágústsson.



Lið Markar/LR sigraði glæsilega. Efri röð f.v.: Gunnar Guðmundsson, Tómas Jónsson, Kjartan Ólafsson, Jóhannes Albert Sævarsson og Hörður Felix Harðarson. Neðri röð f.v.: Ólafur Freyr Frímannsson, Jóhannes Eiríksson, Gísli Örn Kjartansson og Bjarki Þór Runólfsson.

„Við áttum ekki skilið stig í kvöld“

ROBERTO MANCINI, KNATTSPYRNUSTJÓRI Manchester City á Englandi, var ekki ánægður með spilamennsku liðsins gegn Borussia Dortmund í Meistaradeildinni í byrjun október og lét þau bitru orð falla að loknum leik að þeir hefðu ekki átt skilið stig þennan daginn. Nokkuð afslappaðra andrúmsloft var yfir meistaramóti LMFÍ sem haldið var í byrjun sumars í Safamýrinni þar sem lögmenn kepptu sín á milli um bikar félagsins. Á hliðarlínunni voru að vísu miskátir knattspyrnustjórar en þó var barist með boltann með ungmennafélagsandann að leiðarljósi.

Einungis þrjú lið sáu sér fært að mæta og var hvíslað á hliðarlínunum að

margir, sem hefðu ekki látið sig vanta til þessa, væru byrjaðir að taka golfboltann fram yfir fótboltann. Það væri ótvírætt merki um hnignun líkamlegs atgervis.

Þeir sem mættu voru hins vegar léttir á fæti, eins og Nóbelskaldið lýsti Laxmýringum í Gerska ævintýrinu, og ekki sást neitt þúfnagöngulag hjá þeim. Liðin sem mættu voru sameiginlegt lið Markarinnar og Lögfræðistofu Reykjavíkur, sem sigraði örugglega í annað skipti á þremur árum, OPUS sem var í öðru sæti og LOGOS sem var í þriðja sæti.

Fótboltanefndin



Hörður Felix Harðarson fyrirliði Markar/LR fagnaði bikarinnum ákaft.



Breytingar í sjórétti

Á HAUSTMÁNUÐUM 2011 urðu nokkrar breytingar í sjórétti. The Lloyd's Open Form var endurskoðað og nýr alþjóðasamningur um kyrrsetningu skipa, The International Convention on Arrest of Ships 1999, tók gildi. Í þessari grein mun ég fara yfir helstu breytingar sem orðið hafa en skiptar skoðanir eru um það meðal sjóréttarfræðinga hvort hinar nýju reglur séu til bóta fyrir skipseigendur.

LOF 2011

LOF 2011 er endurskoðun á Lloyd's Open Form og er breytingunni ætlað að hamla á móti minnkandi notkun samningsins og koma til móts við gagnrýni á upphæð björgunarlauna þegar hann hefur verið notaður.

Fyrsta meiriháttar breytingin (3. gr.) lýtur að því að heimilt verður að birta á vefsíðu Lloyd's ákvarðanir gerðardóms um björgunarlaun sem þar með verða aðgengilegar almenningi en svo var ekki áður. Með þessu er verið að auka gagnsæi á niðurstöður og rökstuðning gerðardóma. Að vísu geta aðilar gerðardómsmáls óskað þess að birtingu gerðardómsins verði frestað eða frá henni fallið ef ástæður þykja til en með þessu er þess vænst að hvati til að semja um notkun skjalsins aukist.

Innan 14 daga frá því aðilar hafa samþykkt að nota samninginn (4.gr.)

skal tilkynna það stjórn Lloyds og senda henni afrit af samkomulaginu eins fljótt og kostur er. Hingað til hefur ekki verið gert ráð fyrir að Lloyd's fengi vitneskju um það þegar skjalið hefur verið notað og því ekki getað fylgst með þeim málum.

Gerðardómurum er heimilt að krefja hvorn aðila máls (6. gr.) um ásættanlega tryggingu fyrir þóknun sinni og kostnaði, bæði áföllnum og fyrirsjáanlegum, og geta þeir ákveðið á hvern hátt sú trygging skuli sett. Áfrýjunargerðardómsmönnum er einnig veittur sami réttur (10. gr.).

Sérstök ákvæði eru varðandi björgun á farmi sem fluttur er í gámum. Þegar borist hefur ábyrgðaryfirlýsing frá aðila vegna tiltekens farms er heimilt að beina fyrirsprungnum og athugasemdum til hans þótt hann sé ekki eigandi farmsins og skal það teljast jafn gilt og ef erindinu hefur verið beint til eigandans sjálfs (13. gr.). Þetta ákvæði er líklegt til að einfalda verulega störf gerðardómsins og síðar störf niðurjöfnunarmanna. Ef að eigendur 75% bjargaðs farms samþykkja niðurstöðu gerðardómsins er sú niðurstaða einnig bindandi fyrir aðra farmeigendur (14. gr.). Ef verðmæti sendingar er svo lítið að ekki svarar kostnaði að taka það með, miðað við heildarverðmæti, er heimilt að sleppa eiganda hennar við þátttöku í björgunarlaununum (15.gr.)

Alþjóðasamningar um kyrrsetningu skipa 1999

Hinn 14. september 2011 gekk í gildi nýr alþjóðasamningur, The International Convention on Arrest of Ships 1999. Hann tekur við af samningi frá árinu 1952, The International Convention for the Unification of Certain Rules Relating to the Arrest of Sea-going Ships. Ennþá hafa einungis tíu ríki staðfest samninginn. Mun hann taka gildi innan lögsögu þeirra og ná til allra skipa sem þar sigla. Af því leiðir að skip sem sigla undir fána ríkis sem ekki hefur staðfest 1999 samninginn verður háð þeim samningi þegar það siglir í lögsögu ríkis sem hefur samþykkt hann.

Kyrrsetningarsamningurinn frá 1999 hafði þann tilgang að bæta úr nokkrum veigamiklum göllum í kyrrsetningarsamningnum frá 1952 og koma á meira jafnvægi milli hagsmuna skipseigenda og krefjenda. Ennfremur hefur samningurinn í sér fölgna skýringu á nokkrum atriðum sem samkvæmt kyrrsetningarsamningnum frá 1952 eiga að fara eftir lögum þess lands þar sem kyrrsetningin fer fram. Leiða þessar breytingar til þess að 1999 kyrrsetningarsamningurinn er frábrugðinn samningum frá 1952 í ýmsu tilliti. Sérstaklega er aðilum nauðsynlegt að kynna sér breytingar á reglum um það með hvaða hætti kyrrsetningu verður komið á og sjókröfur innheimtar.

Réttur til að kyrrsetja skip

Í 2. gr. 1999 samningsins er tekið fram að kyrrsetja megi skip jafnvel þótt tekið sé fram í samningi að deilur skuli leggja fyrir dóm eða gerðardóm í öðru ríki en því sem skipið er statt í. Ennfremur er tekið fram að unnt sé að kyrrsetja skip til þess að fullnægja dómi eða gerðardómi.

Hinn nýi samningur heimilar kyrrsetningu á skipum sem sigla undir fána annarra ríkja en þeirra sem samþykkt hafa samninginn. Að þessu leyti er samningurinn frábrugðinn samningnum frá 1952 sem aðeins heimilaði kyrrsetningu á skipum frá ríki sem samþykkt hafði samninginn. Um þetta atriði kann þó oft að fara eftir lögum þess lands þar sem kyrrsetningar er krafist. Tekið er sérstaklega fram í 1999 kyrrsetningarsamningnum að dómstóll í því ríki þar sem kyrrsetning fer fram hafi lögsögu í deilumáli vegna hennar nema aðilar deilunnar hafi komið sér

saman um að leggja málið fyrir dómstól eða gerðardóm í öðru ríki. Hinn nýi kyrrsetningarsamningur takmarkar heimild til að kyrrsetja skip vegna sjóttjónskrafna frá því sem er í 1952 samningnum og þrengir hana verulega.

Ólögleg og óréttlætanleg kyrrsetning

Í 6. gr. kyrrsetningarsamningsins frá 1999 er aukin vernd fyrir skipseigendur kyrrsetts skips gegn ólöglegri kyrrsetningu. Að vísu eru í kyrrsetningarsamningnum frá 1952 ákvæði um bætur vegna ólögmetrar kyrrsetningar í vissum tilvikum en samningurinn frá 1999 gerir rétt skipseiganda víðtækari og heimilar að meta megi bætur og krefjast tryggingar fyrir greiðslu þeirra þegar um „unjustified“ kyrrsetningarkröfu hafi verið að ræða.

Kröfur um ósanngjarna tryggingu

Í 6.gr. samningsins frá 1999 er dómstóli, þar sem kyrrsetning fer fram, heimilt að krefjast þess af þeim sem krefst kyrrsetningar að hann setji tryggingu fyrir því tjóni sem kyrrsetningin kunnir að valda skipseiganda og hann er talinn bera ábyrgð á. Slíkt ákvæði er ekki í 1952 samningnum og það látið í hlut dómstóls á kyrrsetningarstað að ákveða slíkar bætur. Samkvæmt 1952 samningnum getur aðeins dómstóll kyrrsetningarríkisins ákveðið hvort krafa um tryggingu úr hendi skipseiganda sé sanngjörn og lækkað hana ef hann metur að svo sé ekki.

Valgarð Briem er löggiltur niðurrjöfnunarmaður sjóttjóna.

Hringdu í 568 9095
og við komum



GAGNAEYÐING



Nýr valkostur í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslu

Ágúst Þór Árnason.

Í SEPTEMBER SL. FLUTTU ÁGÚST ÞÓR ÁRNASON, FORMAÐUR LAGAEILDAR HÁSKÓLANS Á AKUREYRI OG SKÚLI MAGNÚSSON, HÉRAÐSDÓMARI OG DÓSENT VIÐ LAGAEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS, ERINDI Á HÁDEGISVERÐARFUNDI LÖGFRÆÐINGAFÉLAGS ÍSLANDS UM TILLÖGU SÍNA AÐ ENDURSKOÐAÐRI STJÓRNARSKRÁ.

ÁSTÆÐAN FYRIR ÞVÍ að Ágústi og Skúla fannst þeir nauðbeygðir til að leggja fram tillöguna var sú að þeir vildu að fyrir lægi einhver annar raunverulegur valkostur en tillaga stjórnlagaráðs.

Íslenska stjórnarskráin ekki dönsk

Í máli sínu leiðréttu Ágúst og Skúli ýmsa sýbylju sem haldið hefur verið fram um stjórnarskrána á undanförunum misserum. Þannig væri íslenska stjórnarskráin ekki dönsk, frekar en sú danska væri belgísk. Íslenska stjórnarskráin og íslensk stjórnskipun væri útfærsla á samevrópskri stjórnskipunarhefð og

sama mætti segja um stjórnarskrár þeirra landa sem við berum okkur helst saman við. Þá höfnuðu þeir því algjörlega að lýðveldisstjórnarskráin hafi átt að vera bráðabirgðastjórnarskrá – það væri ekkert í umræðum eða fræðunum sem benti til slíks. Vissulega hafi átt að endurskoða hana, en endurskoðun sé ekki það sama og að skrifa nýja stjórnarskrá – líkt og sú sem á bord er borin af stjórnlagaráði.

Í raun mætti segja að tillaga stjórnlagaráðs og samþykkt hennar í deilu og sundrung væru svik við lýðveldiskynslóðina. Það hafi verið afrek á sínum tíma að samþykkja lýðveldisstjórnarskrána og það að 95%

hefðu samþykkt hana (með kjörsókn upp á 98,6%) gerði þá kröfu til framtíðarkynslóða að víðtæk samstaða og sátt yrði um breytingar á henni. Allt tal um bráðabirgðastjórnarskrá og þörf á nýrri stjórnarskrá væri vanvirðing við það afrek sem unnið var árið 1944.

Samfélagsdoði og þögn lögfræðinga

Þá kom fram að það ríkti ákveðinn doði í samfélaginu gagnvart stjórnarskrármálinu og þögn lögfræðinga væri þar áþreifanleg. Það væri raunveruleg hættu á því að Ísland væri að detta inn í mjög erfiða tíma í stjórnskipun landsins

og hugsanlega væri þetta mál svo langt komið að ekki yrði aftur snúið. Öllum mikilvægum spurningum um tillögu stjórnlagaráðs væri ósvarað – reyndar væri þeim ekki bara ósvarað heldur væri ekki búið að spyrja þeirra:

- Hvernig verður samband þings og ríkisstjórnar?
- Hvernig verður samband forseta og ríkisstjórnar?
- Hvernig verður túlkun nýs mannréttindakafla í meðförum dómstóla?

Tillaga Ágústis og Skúla

Tillaga Ágústis og Skúla, sem hægt er að nálgast á heimasíðunni www.stjornskipun.is, er skýrmerkilega sett fram og talar sínu máli. Henni er ætlað að vera innlegg í umræðuna um breytingar á stjórnarskránni, umræðu sem varla er hafin. Tillagan byggir á vinnu og hugmyndum stjórnlaganefndar en höfundarnir komu báðir að þeirri vinnu. Tillagan byggir á atriðum sem höfundar telja að almenn sátt og samstaða ríki um, þannig er ekki tekið á hápólítískum deilumálum eins og forsetaembættinu, auðlindum og Evrópusambandinu.

Uppsetning tillögunnar er önnur en í núverandi stjórnarskrá. Þannig eru fyrst fimm greinar sem snúa að undirstöðum stjórnskipunarinnar og samfélagsins en þar á eftir kemur mannréttindakaflinn stjórnskrárinnar óbreyttur. Í undirstöðukaflanum ber helst að nefna 4. gr. sem fjallar um það að auðlindir náttúru Íslands séu þjóðareign sem beri að nýta á sjálfbæran hátt til hagsbóta landsmönnum öllum. Í skýringum með greininni segir að með „þjóðareign“ sé hvorki vísað til ríkiseignar né sérstaks eignarforms heldur til þeirrar hugmynda að náttúruauðlindir Íslands séu gæði sem þjóðin öll hefur ríkulega hagsmuni af og eru því sameign Íslendinga eða eign þjóðarinnar.

Næsti kafli fjallar um forsetann. Þar er helsta breytingin að afnumið er ábyrgðarleysi forseta á þeim athöfnum sem hann tekur ákvörðun

um persónulega. Í stað þess sem nú segir í 1. mgr. 11. gr. „Forseti lýðveldisins er ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum“, þá segir í 1. mgr. 29. gr. tillagnanna „Forseti Íslands er ábyrgðarlaus á þeim stjórnarathöfnum sem hann framkvæmir að tillögu ráðherra.“ Þó ekki sé hreyft mikið við valdheimildum forseta þá undirstrikar þessi breyting þó að ótækt sé að forseti sé ábyrgðarlaus af sínum persónulegu ákvörðunum og athöfnum, sem eins og allir vita hafa mikið aukist í stjórnartíð núverandi forseta.

Í 40. gr. er ennfremur nýtt ákvæði sem lýtur að því að í þágu friðar og alþjóðlegrar samvinnu sé heimilt að gera þjóðréttarsamninga sem fela í sér framsal á ríkisvaldi á afmörkuðu sviði. Um fullgildingu slíks samnings fari þó samkvæmt reglum um breytingar á stjórnarskránni. Samkvæmt tillögunni skulu breytingar hljóta samþykki tveggja þinga, auk þess sem efnt skal til þjóðaratkvæðagreiðslu um breytingar. Samkvæmt þeim Ágústi og Skúla felur þessi tillaga ekki í sér stjórnskipulega heimild fyrir aðild að Evrópusambandinu, þar sem slíkt mundi ekki fela í sér „framsal á afmörkuðu sviði“.

Þá er að lokum nýtt ákvæði í 2. mgr. 44. gr. sem kveður á um að forseti skuli synja lagafrumvarpi staðfestingar og skjóta til atkvæðis þjóðarinnar ef 15% kjósenda krefjast þess. Þá er í 90. gr. ákvæði sem kveður á um að lágmarki skuli þriðjungur kjósenda hafa tekið þátt í slíkri atkvæðagreiðslu.

Í kaflanum um Alþingi er ítarlegar fjallað um nefndir Alþingis og þeim veitt meira vægi en þær hafa í núgildandi stjórnarskrá. Til að mynda eru taldar upp helstu fastanefndir; fjárlaganefnd, eftirlits- og stjórnskipunarnefnd og utanríkismálanefnd, auk þess sem sérstaklega er fjallað um vald fjárlaganefndar í 77. gr.

Dómstólarnir fá fimm greinar í stað þeirra þriggja sem nú eru. Ekki er kveðið á um skipun dómara, að öðru leyti en því að hún skuli ákveðin með lögum eins og nú er, auk þess sem 2. mgr.

84. gr. segir að í lögum megi kveða á um að skipun dómara kunní að vera háð samþykki Alþingis. Þá er hlutverk Hæstaréttar bundið í stjórnarskrá og Landsdómur er felldur út.

Að sögn Ágústis og Skúla eru tvö ákvæði í þeirra tillögu sem segja að má að séu afleiðing hrunsins. Í fyrsta lagi 51. gr. sem segir að upplýsingar um styrki til stjórnmalasamtaka og frambjóðenda í Alþingiskosningum skuli vera aðgengilegar almenningi. Í öðru lagi 56. gr. sem fjallar um hæfi þingmanna og gerir þeim óheimilt að taka þátt í meðferð þingmáls sem varðar sérstaka hagsmuni þeirra.



Skúli Magnússon.

Innlegg í þarfa umræðu

Eins og sjá má af þessu stutta yfirliti er hér ekki um byltingu að ræða á stjórnarskrá lýðveldisins, líkt og tillögur stjórnlagaráðs gera ráð fyrir. Þó engin ástæða sé til að ætla að tillögur þeirra Ágústis og Skúla verði grundvöllur breytinga á stjórnarskránni, þá eru þær innlegg inn í mjög þarfa og mikilvæga umræðu. Umræðu sem lögfræðingar bera mikla ábyrgð á að fari fram og að hún fari fram af fagmennsku og yfirvegun.

Katrín Helga Hallgrímsdóttir bdl.

JÓNAS ÞÓR GUÐMUNDSSON HRL.



Mat á hæfni umsækjenda um embætti hæstaréttardómara

STÖRF HÆSTARÉTTARDÓMARA ERU þýðingarmikil. Mikilvægt er að hæfustu lögfræðingar veljist til þeirra.

Dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti hæstaréttardómara og héraðsdómara starfar samkvæmt 4. gr. a laga um dómstóla nr. 15/1998, sbr. lög nr. 45/2010, sbr. og reglur nr. 620/2010 sem ráðherra hefur sett. Nefndin skal láta ráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur. Í umsögn sinni skal dómnefndin taka afstöðu til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að meta tvo eða fleiri umsækjendur jafna.

Nýlega skipaði innanríkisráðherra í tvö embætti hæstaréttardómara á grundvelli álits dómnefndarinnar. Röðun hennar á umsækjendum vekur athygli. Nánar tiltekið er athyglisvert hvernig dómnefndin fjallar um lögmansstörf. Skýrt skal tekið fram að engin ástæða er til þess að gera athugasemd við að þeir tveir umsækjendur sem röðuðust fremst hafi verið settir þar og síðan skipaðir. Þeir eru báðir vel að starfi hæstaréttardómara komnir, um það er ekki deilt. Atriðið sem hér er gert að umtalfsni lýtur að því hvernig störf þeirra lögmanna sem sóttu um eru vegin og metin.

Tvennt vekur sérstaka athygli við umsögn dómnefndarinnar. Annars vegar

er ekki gott að átta sig á hvernig nefndin greinir niður og vegur störf umsækjenda með lögmansreynslu í nánari atriðum en að telja árafjölda sem viðkomandi hefur verið með réttindi til málflutnings og starfað sjálfstætt sem lögmaður, einn eða í samstarfi við aðra, hvort heldur að því er varðar málflutning eða önnur lögmansstörf, sem óneitanlega geta verið fjölbreytt og mis-vandasöm. Lítið er við það sitja að rekja stuttlega að hlutaðeigandi hafi sinnt störfum á tilteknum sviðum lögmennsku án þess að nánar sé vikið að þýðingu þeirra.

Hins vegar virðast lögmansstörf, ekki síst störf hæstaréttarlögmanna, vera léttvæg fundin og vegin í samanburði við önnur störf, einkum fræðistörf og kennslu og að sumu leyti störf héraðsdómara. Þá sýnist tímabundin setning í embætti hæstaréttardómara veita umsækjanda ákveðið forskot á aðra umsækjendur. Það er umhugsunarvert, ekki síst í því ljósi að flutningur hæstaréttarlögmanna á málum - jafnvel hundruðum mála - fyrir Hæstarétti virðist ekki vega þungt.

Við blasir að jafnvel hinir reynslumestu lögmenn, sem starfað hafa þorra starfsævi sinnar við málflutning og vandasöm, fjölbreytileg lögmansstörf, virðast eiga á brattann að sækja hjá dómnefndinni, hafi þeir ekki sinnt í verulegum mæli kennslu- og fræðistörfum og/eda öðrum

stjórnunarstörfum en lögmansstörf almennt fela í sér, að minnsta kosti ef menn með mikla reynslu af þess háttar störfum eru á meðal umsækjenda.

Í mörgum löndum sem við viljum bera okkur saman við er talið æskilegt að reyndir lögmenn verði dómaraar að loknum farsælum lögmansferli. Eðli starfa þeirra er þá talið veita traustan grunn fyrir störf dómara. Auk þess er jafnan álitid æskilegt að dómaraar, ekki síst hæstaréttardómaraar, hafi ekki einslitan bakgrunn að því er fyrri störf varðar. Hér á landi hefur þetta einnig verið haft á orði og bent á að of fáir lögmenn sækja um embætti dómara. Oft eru þá meint há laun lögmanna notuð sem skýring eða afsökun fyrir því að fáir þeirra hafi sótt um. Raunveruleikinn sýnist eigi að síður vera sá að þegar lögmenn þó sækja um dómaraastörf, reynist þrautinni þyngra fyrir þá að vera metnir hæfastir hjá hinni lögskipuðu dómnefnd. Mér er til efs að um það geti ríkt sátt.



Þýðingar og textaráðgjöf

Löggiltar og almennar þýðingar.

Dóm- og skýrslutökutulkun.

Ellen Ingvadóttir

Löggiltur dómtulkur og skjalabýðandi.

Skipholti 50b 105 Reykjavík

sími: 562-6588

bréfsími: 562-6551

GSM: 897-2717

netfang: ellening@simnet.is

Hver ávaxtar peningana þína?

Íslensk verðbréf

- Eru elsta eignastýringarfyrtæki landsins
- Standa traustum fótum
- Ávaxta fjármuni einstaklinga sem og fagfjárfesta
- Hafa á að skípa reynslumiklu og traustu starfsfólki
- Hafa þína hagsmuni að leiðarljósi



Við öflum fyrir þig

*Hafðu samband við ráðgjafa okkar
í síma 460 4700 eða kynntu þér málið
á www.iv.is*



ÍSLENSK VERÐBRÉF

1987 *í 25 ár* 2012

Strandgata 3 600 Akureyri | Síghún 42 105 Reykjavík
Sími: 460 4700 | www.iv.is | iv@iv.is

BBN

BBA // LEGAL

Réttarstaða sakaðra manna

ERU MANNRÉTTINDI SAKAÐRA MANNA NÆGILEGA VEL TRYGGÐ Á ÍSLANDI? HVERNIG HEFUR TIL TEKIST HJÁ LÖGREGLU AÐ META HVORT MENN EIGI AÐ HAFA RÉTTARSTÖÐU SAKBORNINGS VIÐ RANNSÓKN EFNAHAGSBROTAMÁLA? ÚTDEILIR LÖGREGLA MÖNNUM RÉTTARSTÖÐU SAKBORNINGS AF OF MIKLUM RAUSNARSKAP OG ER JAFNRÆÐIS GÆTT VIÐ AFHENDINGU MÁLSGAGNA? ÞETTA VORU MEÐAL ANNARS VANGAVELTUR RÖKSTÓLA UM RÉTTARSTÖÐU SAKAÐRA MANNA Á LAGADAGINN 4. MAÍ S.L., ÞAR SEM SIGURÐUR TÓMAS MAGNÚSSON, PRÓFESSOR VIÐ LAGAEILD HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK, STJÓRNAÐI UMRÆÐUM ÞEIRRA EIRÍKS TÓMASSONAR HÆSTARÉTTARDÓMARA, BJÖRNS ÞORVALDSSONAR SAKSÓKNARA VIÐ EMBÆTTI SÉRSTAKS SAKSÓKNARA, GESTS JÓNSSONAR HRL. OG ÞÓRUNNAR GUÐMUNDSDÓTTUR HRL.

Mannréttindi sakaðra manna og réttarkerfið

Það var ljóst strax frá upphafi að umræður yrðu líflegar þegar Sigurður Tómas Magnússon spurði þátttakendur hvort mannréttindi sakaðra manna væru nægilega vel tryggð hér á landi. Björn Þorvaldsson taldi svo vera og sagði að til staðar væri gott lagaumhverfi sem tryggði sanngjarna framkvæmd. Helsta áhyggjuefni hans væri misnotkun á réttarkerfinu þar sem verjendur gengju t.d. oft of langt í því að láta reyna á réttindi sakborninga. Hann var sammála Þórunni Guðmundsdóttur um að jafnræði aðila væri oft betur tryggt fyrir dómi en við rannsókn máls.

Gestur Jónsson taldi gott réttarkerfi einkennast af hæfilegu jafnvægi milli mannréttinda sakborninga annars vegar og nauðsynlegra rannsóknarræða til þess að tryggja almannahagsmuni hins vegar. Almannahagsmunir birtust líka í því að sakborningur væri aldrei beittur meira harðræði en lög segðu til um. Gestur taldi að réttarvörsluferfið gengi nú lengra en áður þekktist, sérstaklega vegna þess andrúmslofts sem myndaðist í samfélaginu í kjölfar bankahrunsins.

Eiríkur Tómasson taldi nauðsynlegt að tryggja almannahagsmuni og mannréttindi sakaðra manna en hafa yrði í huga að það væru líka réttindi borgaranna að brot væru upplýst og að brotamenn fengju lögmæt viðurlög.

Mistök að stofna embætti sérstaks saksóknara?

Talsvert var rætt um starfsemi embættis sérstaks saksóknara og sýndist sitt hverjum um hana. Björn sagði að fyrir hrun hafi of lítið verið lagt í rannsóknir efnahagsbrotamála en Gestur taldi að stofnun embættis sérstaks saksóknara hefði verið mistök. Aldrei væri ríkari ástæða til að virða grunnskipan réttarríkisins en einmitt á jafn viðsjárverðum tímum og nú. Þegar reiðialda rís er hættan sú að menn víki frá lögunum í því skyni að sefa reiðina. Réttara hefði verið að efla þær stofnanir sem fyrir voru en að stofna nýtt embætti. Kröfur almennings til „árangurs“ af starfi sérstaks saksóknara sköpuðu hættu á mismunun. Þá kvaðst Gestur hafa áhyggjur af því gríðarlega gagnamagni sem yrði til við rannsóknir mála hjá embættinu sem leiddi til þess að málsmeðferð fyrir dómi yrði ómarkviss.

Eiríkur var ósammála gagnrýni á embættið og taldi starfsfólk þess gera sitt besta við erfiðar aðstæður. Skjalamagnið væri óumflýjanlegt þar sem sakborningar vildu að öllum gögnum væri haldið til haga.

Réttarstöðu sakborninga útdeilt af of miklum rausnarskap?

Þórunn sagðist ekki þekkja dæmi þess að lögregla útdeildi réttarstöðu

sakbornings af of miklum rausnarskap en sagði vandamálið vera hversu langan tíma margir þyrftu að hafa slíka stöðu. Mikilvægt væri að rannsókn mála lyki sem fyrst því þegar aðili hefði réttarstöðu grunaðs manns færi líf hans í ákveðna biðstöðu.

Eiríkur taldi betra fyrir aðila að hafa réttarstöðu sakbornings á frumstigi máls vegna þess hagræðis sem hann nyti af þeirri réttarstöðu. Til dæmis þyrfti viðkomandi ekki að svara spurningum um refsiverða háttsemi. Hann taldi hins vegar óeðlilegt að taka tillit til aðstæðna fólks og hugsanlegra afleiðinga þess að hafa réttarstöðu sakbornings, því rannsaka þyrfti málin í þaula. Traust manna á réttarkerfinu myndi dvína ef mál fengjust ekki upplýst þó svo að enginn yrði sakfelldur. Varðandi tímalengd stærri efnahagsbrotamála sagði Eiríkur það oft vera óhjákvæmilegt að mál drægjust á langinn því auðvitað ættu sakborningar að njóta réttlátrar málsmeðferðar og þess vegna ættu þeir rétt á að láta reyna á alla þætti sem gætu verið þeim í hag.

Björn taldi réttarstöðu sakbornings ekki útdeilt kæruleysislega. Matið væri einfaldlega þannig að um leið og grunur vaknaði þá fengju menn réttarstöðu sakbornings. Stærstu efnahagsbrotamálin væru oft gagnrýnd vegna tímans sem tæki að rannsaka þau en það mætti helst rekja til gagnamagns, húsleita og tímafrekrar skoðunar á gögnum og undirbúnings fyrir skýrslutökur. Gestur



F.v. Þórunn Guðmundsdóttir, Gestur Jónsson, Eiríkur Tómasson, Björn Þorvaldsson og Sigurður Tómas Magnússon.

sagðist ekki vita hvort réttarstöðunni væri útteilt af miklum rausnarskap. Hins vegar væru ótrúlega margir með sakborningstöðu miðað við stærð íslensks samfélags. Mikilvægt væri að gætt væri hófs í því að gera menn að sakborningum.

Rafræn gögn og jafnræði málsaðila

Rætt var um afhendingu málgagna á rannsóknarstigi en samkvæmt 37. gr. sakamálalaga á verjandi rétt á aðgangi að öllum gögnum sem varða skjólstæðing hans. Heimilt er þó við sérstakar aðstæður að neita afhendingu gagna í þrjár vikur. Gestur sagði aðalregluna vera um tafarlausan aðgang en undantekninguna um synjun aðgangs í þennan tíma sem megi bera undir dómara. Gestur kvað vandamálið vera að rannsakendur veittu ekki upplýsingar um gögn sem ekki væru til tafarlausrar afhendingar fyrir en eftir á og sú framkvæmd gerði heimildina til þess að bera synjun undir dómara innihaldslausa.

Björn vissi ekki til þess að lögmaður hefði nokkru sinni komið í húsakynni sérstaks saksóknara og óskað eftir því að skoða rafræn gögn. Ef slík ósk kæmi þá yrði allt tilbúið, uppsett og flokkað. Tölvupóstur væru eign

bankans en ekki starfsmannsins, þeir og önnur gögn væru fengin á grundvelli úrskurðar og því væri embættinu óheimilt að dreifa þeim. Gestur var ekki sammála þessum útskýringum og sagði bankaleyndina jafnt rofna með því að hafa gögn aðgengileg í húsakynnum sérstaks saksóknara eins og á skrifstofu verjanda. Björn taldi ýmsar ástæður vera fyrir því að verjandi fengi upplýsingar eftir á þegar undantekningarreglu 37. gr. sakamálalaga væri beitt. Lögregla ætti t.d. ekki að sýna sakborningi og verjanda öll málgögn sem hún ætlaði að byggja á, þetta væri ríkjandi viðhorf og því væri tilkynningarskyldan sem Gestur talaði um ekki til.

Þóknun verjenda í sakamálum

Í lok rökstóla var rætt var um að tímagjald verjenda, 10.000 krónur, dygði ekki fyrir útlögðum kostnaði lögmanna. Árið 2007 sendi dómsmálaráðuneytið út tilkynningu þar sem tímagjaldið var ákveðið 11.200 krónur og ætti að fylgja launvísitölu. Rýrnunin væri því mikil miðað við núverandi tímagjald en algengt tímagjald á lögmannsstofu væri á bilinu 18.000-22.000 krónur. Þórunn sagði að lágt tímagjald gæti leitt til þess að hinir efnameiri gætu keypt sér betri

vörn sem aftur hefði í för með sér mikið ójafnræði milli sakborninga.

Lokaorð

Líflegar umræður spunnust meðal áhýrenda. Meðal annars velti Brynjar Níelsson hrl. upp hvort jafnvægi milli þess að tryggja réttindi sakaðra manna og að tryggja almannahagsmunir hefði raskast vegna hugmynda í samfélaginu og hvort dómstólar væru farnir að víkka hugtakið „almannahagsmunir“. Reimar Pétursson hrl. hafði áhyggjur af meginreglunni um jafnræði málsaðila og að reglan væri virt að vettugi þegar sakborningar fengju ekki aðgang að sömu málgögnum og rannsakandi. Erna Á. Mathiesen, starfsmaður hjá sérstökum saksóknara vildi koma því á framfæri að þegar sakborningur er kallaður til skýrslutöku hjá embættinu, þar gæti hann komið fram sínum sjónarmiðum og bent á gögn sem hann vildi láta skoða betur. Að lokum þegar rætt var um þóknun verjenda, minntist Helga Vala Helgadóttir hdl. á að í sífjamálum yrði oft að treysta á gjafsókn sem væri mjög takmörkuð. Á endanum yrði því einungis ákveðinn hópur lögmanna sem hefði fjárhagslega getu til að taka að sér slík mál.

ALH.



Af Merði lögmanni

Mörður hefur verið mikill áhugamaður stjórnlög síðan hann lærði stjórnskipunarrétt hjá Ólafi Jóhannessyni á sjöunda áratug síðustu aldar. Slíkur var áhuginn að Mörður stundaði framhaldsnám í stjórnлагаfræðum, bæði í Þýska Alþýðulýðveldinu og í gömlu Sovétríkjunum en þessar þjóðir voru komnar langt fram úr vestrænum ríkjum í framsæknum viðhorfum til stjórnarskrár. Sameign þjóðarinnar á auðlindum var ekki vandamál og mannréttindaákvæði miklu fleiri og betri en tíðkaðist annars staðar. Stjórnskipanin var einföld og þægileg fyrir alla. Mörður lagði síðar land undir fót og sótti námskeið í stjórnлагаfræðum og mannréttindum í Suður-Ameríku, einkum í Bólivíu og Ekvador en þau miklu lýðræðisríki voru þá langt komin í gerð glæsilegrar stjórnarskrár.

Það kom því ekki mjög á óvart að stjórnlagaráðið leitaði í smíðju Marðar við gerð nýrrar stjórnarskrár fyrir Ísland. Mörður ljómaði af gleði að geta unnið með stjórnlagaráðinu að gerð tillagna að nýrri stjórnarskrá. Þarna var lýðræðiskjórið fólk, þverskurður af þjóðinni, a.m.k. þeim hluta hennar sem skiptir máli og getur samið stjórnarskrá. Það var tilviljun ein að allir bjuggu á höfuðborgarsvæðinu og tilheyrðu lista, mennta- og menningarliðinu. Svo hefði hvort eð er ekkert þýtt að láta sveitavarginn og ómenntað alþýðufólk semja stjórnarskrá enda ekki á færi hverra sem er.

Merði fannst svo gaman að horfa á þetta fræga fólk ganga til verks, svona fumlaust og faglegt. Samtakamátturinn var aðdáunarverður. Þarna var þjóðin að störfum. Mörður sá strax að með svona fólk tæki ekki langan tíma að drösla saman nýrri og glæsilegri stjórnarskrá.

EKKI minnkaði gleði Marðar við það hvað ráðið tók vel í margar tillögur hans. Það vita það kannski ekki margir en tillögur ráðsins um stjórnarskrárvernd á mól, grjóti og sandi er komin frá Merði. Nú er kannski stutt í það að Mörður geti valhoppað um í auðninni, frjáls eins og í gamla daga. Mörður var hins vegar svolítið sár að tillaga hans um stjórnaskrárvernd Fjallkonunnar skyldi ekki ná í gegn en sambærilegt ákvæði er í stjórnarskrá Ekvador um vernd náttúrugyðjunnar Pachamama. Það verður kannski lagað við meðferð þingsins á tillögum stjórnlagaráðsins.

Hugmyndin um að allir ættu rétt á bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á í heiminum er einnig komin frá Merði. Mörður vildi einnig að allir ættu rétt á þeirri háskólagráðu sem þeir óskuðu sér en sú tillaga var felld naumlega. Sama gerðist með hugmyndir Marðar um að allir ættu rétt á fegrunaraðgerðum, þeim að kostnaðarlausu. Það er nú einu sinni svo að í lýðræðislegri vinnu næst ekki allt fram.

Mestu vonbrigði Marðar voru samt að fá ekki að vera með í kynningu á tillögum stjórnlagaráðsins. Óskir Marðar í þeim efnum voru hundsáðar þrátt fyrir að Mörður hafi boðist til að fara til Guðsteins og kaupa ný fót. Mörður fékk ekki einu sinni að vera bílstjóri í rokkrútunni og ekki einu sinni þótt allir bílstjórnarnir hafi forðað sér á flóttu eftir nokkra daga í rútunni með læknum og prófessornum.

NÁMSKEIÐ HAUSTANNAR 2012

Aðgangur að gögnum samkvæmt upplýsingalögum - 22. nóvember

Fjallað verður um gildissvið upplýsingalaga nr. 50/1996 og sjónum beint að því hvaða formlegu skilyrði beiðni um aðgang að gögnum þarf að uppfylla til þess að ákvæði laganna verði virk. Einnig verður farið yfir undanþáguákvæði laganna, sem ýmist fela í sér heimildir fyrir stjórnvöld til að synja um aðgang að gögnum vegna almannahagsmuna eða leggja bann við því að stjórnvöld láti gögn af hendi sem snerta einkahagsmuni. Umfjöllunin verður studd dæmum úr framkvæmd Hæstaréttar og úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Ennfremur er ráðgert að víkja stuttlega að helstu breytingum sem felast í fyrirleggjandi frumvarpi forsætisráðherra til nýrra upplýsingalaga.

Kennari: Kjartan Bjarni Björgvinsson, aðstoðarmaður dómara við EFTA-dómstólinn.
Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, Reykjavík.
Tími: Fimmtudagur 22. nóvember 2012 kl. 16:00-19:00
Verð: Kr. 20.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 15.000,-

Réttarstaða útlendinga á Íslandi - 20. nóvember

Farið verður yfir breytingar á lögum um útlendinga, dvalarleyfi, atvinnuleyfi og réttindi flóttamanna á Íslandi. Einnig verður fjallað um úrskurði sem hafa verið felldir og dóma sem hafa fallið í málaflökkunum.

Kennarar: Kristín Völundardóttir, forstjóri Útlendingastofnunar, Þorsteinn Gunnarsson, forstöðumaður hælissviðs Útlendingastofnunar og Þorbjörg Inga Jónsdóttir hrl. hjá Lagabíngi.
Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, Reykjavík.
Tími: Þriðjudagur 20. nóvember 2012 kl. 16:00-19:00.
Verð: Kr. 27.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 20.000,-

Skilasvik og önnur refsiverð háttsemi í aðdraganda gjaldþrots - 27. nóvember

Reynslan sýnir að þegar einstaklingar og fyrirtæki standa frammi fyrir miklum fjárhaglegum erfiðleikum eða ramba jafnvel á barmi gjaldþrots eykst verulega freisting til ólögmætra ráðstafana. Ef til gjaldþrots kemur getur verið álitamál hvort skiptastjóri þurfi að höfða riftunarmál, tilkynna grun um refsiverða háttsemi til lögreglu eða jafnvel hvorutveggja. Fjallað verður um ýmsa þá refsiverðu háttsemi sem getur tengst aðdraganda gjaldþrots og heimfærslu einstakra tilvika til refsíákvæða. Sérstaklega verður reynt að greina á milli refsiverðrar háttsemi og háttsemi sem einungis gæti

kallað á einkaréttarleg úrræði. Teknir verða til umfjöllunar athyglisverðir dómar Hæstaréttar sem varða þetta viðfangsefni.

Kennarar: Sigurður Tómas Magnússon prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, Friðrik Ársælsson og Hulda Hákonardóttir saksóknarfulltrúar hjá embætti sérstaks saksóknara.
Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, Reykjavík.
Tími: Þriðjudagur 27. nóvember 2012 kl. 16:00-19:00.
Verð: Kr. 27.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 20.000,-

Hagsmunagæsla sakborninga - 29. nóvember

Fjallað verður um hagsmunagæslu sakborninga við rannsókn og meðferð sakamála fyrir dómi. Hver er staða verjenda og hlutverk við skýrslutöku, hvað þurfa verjendur að hafa í huga á frumstigi máls og hverjar eru skyldur þeirra og réttindi? Farið verður yfir samskipti verjenda við sakborninga og rannsakendur sem og meðferð mála fyrir dómi, s.s. þingfestingu og greinargerðir.

Kennari: Brynjar Níelsson hrl.
Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, Reykjavík.
Tími: Fimmtudagur 29. nóvember 2012 kl. 16:00-19:00.
Verð: Kr. 20.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 15.000,-

Rannsókn sakamála - 6. desember

Fjallað verður um nokkur valin atriði sem varða rannsókn sakamála, þvingunarráðstafanir og aðkomu dómstóla að rannsókn sakamála, fyrst og fremst frá sjónarhóli verjenda. Skoðaðir verða m.a. nýlegir dómar sem hafa fallið og varpa ljósi á umfjöllunarefnið. Námskeiðið er byggt á bók Eiríks Tómassonar sem kom út fyrr á árinu „Sakamálaréttarfar - rannsókn, þvingunarráðstafanir“.

Kennari: Eiríkur Tómasson hæstaréttardómari.
Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, Reykjavík.
Tími: Fimmtudagur 6. desember 2012 kl. 16:00-19:00.
Verð: Kr. 20.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 15.000,-

Skráning stendur yfir á heimasíðu www.lmf.is



Golfsumarið 2012



Sigurvegari án forgjafar á meistaramóti LMFÍ var Haukur Örn Birgisson sem tekur hér við bikar úr hendi Eggerts Páls Ólasonar.

Sigurvegari með forgjöf á meistaramóti LMFÍ var Karl Ó. Karlsson sem tekur hér við bikar úr hendi Hauks Arnar Birgissonar.

Sigurvegarar á minningarmóti 2012: F.v.: Guðni Á. Haraldsson, Stefán Pálsson, Jónas A. Aðalsteinsson og Ármann Fr. Ármannsson

Minningarmót

Minningarmót LMFÍ 2012 um Guðmund Markússon, hrl., og Ólaf Axelsson, hrl., fór fram hinn 8. júní sl. á Leirdalsvelli hjá Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar. Aðstæður til golfiðkunar voru mjög góðar þennan dag þar sem sól var á himni og vallaraðstæður til fyrirmyndar. Alls tóku 17 golfarar úr lögfræðingastétt þátt í mótinu.

Úrslit urðu þessi:

A. Í keppni um Guðmundarbikarinn (án forgjafar):

1. Ármann Fr. Ármannsson
2. Jónas A. Aðalsteinsson
3. Guðni Á. Haraldsson

B. Í keppni um Óla Axels bikarinn (með forgjöf):

1. Jónas A. Aðalsteinsson
2. Stefán Pálsson
3. Ármann Fr. Ármannsson

Keppni við tannlækna

Lögmenn tóku á móti tannlæknum þann 26. júní á Kirkjubólsvelli í Sandgerði.

Leikurinn fór fram í blíðskaparveðri og endaði, að vanda, með sigri lögmanna.

Keppni við lækna

Líkt og undanfarin ár áttust við 20 lögmenn og 20 lækna á Strandarvelli á Hellu þann 8. júlí. Leikinn var fjórleikur og áttu lögmenn bikar að verja þetta árið eftir að hafa haldið honum á jöfnu á síðasta ári. Þrátt fyrir að þrýðisveður á vellinum, sem valinn var vettvangur Íslandsmótsins í golfi þetta árið, gekk bestu lögmönnum ekkert í golfinu þennan daginn og þurftu þeir að játa sig sigraða fyrir góðu liði lækna. Bikarinn mun því hvíla tímabundið í höfuðstöðvum doktora.

Meistaramót lögmanna

Nýr golfvöllur var kynntur til leiks á mótaröð þeirra bestu í ár. Brautarholtsvöllur á Kjalarnesi var vettvangur meistaramóts lögmanna og óhætt er að segja að hann olli ekki vonbrigðum. Óárennilegt veður auðveldaði kylfingum ekki baráttuna við erfiðan golfvöllinn en ómótstæðilegt umhverfi tryggði hins vegar

að enginn keppandi var svikinn af mótinu. Þann 28. ágúst var leikinn höggleikur með og án forgjafar. Venju samkvæmt var það sigurvegari í forgjafarkeppni sem fékk að taka heim með sér lögmennabikarinn. Vegna veðurskilyrða voru allir keppendur sammála um að úrslit yrðu einungis kunngerð með eftirfarandi hætti, þ.e. án þess að tíma sé eitt í smáatriði eins og höggafjöldi.

Höggleikur án forgjafar:

1. Haukur Örn Birgisson
2. Gunnar Þór Ásgeirsson
3. Ólafur Arinbjörn Sigurðsson

Höggleikur með forgjöf:

1. Karl Ó. Karlsson
2. Einar Baldvin Árnason
3. Ástríður Gísladóttir og Ólafur Arinbjörn Sigurðsson

Nándarverðlaun féllu í hlut þeirra Guðmundar B. Ólafssonar og Jóhannesar Bjarna Björnssonar en högglangsti kylfingurinn þetta árið var Pétur G. Thorsteinsson.

Golfnefnd LMFÍ

Nýjar bækur á bókasafni

Höfundar

Eyvindur G. Gunnarsson og Þorgeir Örlygsson

Steven Noë

Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og

Eyvindur G. Gunnarsson

Eiríkur Tómasson

Julian D.M. Lew, Loukas A. Mistelis og

Stefan M. Kröll

Alastair Mowbray

Andrew Johnston

Charles Gielen og Verena von Bomhard

Ronald Charles Wolf

Gary B. Born

Bókartitill

Þinglýsingarlög - Skýringarrit
'The Merger Brick'

Kröfuréttur II. Vanefndaúrræði
Sakamálaréttarfar. Rannsókn,
þvingunarráðstafanir

Comparative International Commercial Arbitration

Cases, Materials, and Commentary on the European Convention on Human Rights

EC Regulation of Corporate Governance

Concise European Trade Mark and Design Law

The Complete Guide to International Joint Ventures with Sample Clauses and Contracts

International Commercial Arbitration



Hvað gerir ljósritunarpappír góðan?



Data copy
er góður pappír
í afar hentugum og
meðfærilegum
umbúðum.

Ein pappírstegund til allra nota

- Ljósritunarpappírinn á að vera vel hvítur
- Ljósritunarpappírinn þarf að taka prentlit vel svo ólíkar fyrirmyndir verði skýrar
- Hann þarf að vera fjölnota; hæfur til ýmissa nota skrifstofunnar; jafnt í svart/hvítu sem í lit, - í ljósritunarvél, prentara og faxtæki
- Trygging sé fyrir vistvænu vinnsluferli pappírins

— hvítlist

Krókhálsi 3 569-1900

Leitin að lögfræðinni á netinu

HEILL FRUMSKÓGUR LÖGFRÆÐILEGRA HEIMILDA ER KOMINN Á NETIÐ OG GETUR NÝST VIÐ STÖRF LÖGMANNA. EKKI ER ÞÓ NÓG AÐ KUNNA AÐ LEITA AÐ UPPLÝSINGUM, STUNDUM GETUR SÁ TÍMI SEM FER Í LEITINA VERIÐ LANGUR EN MIKILVÆGT ER AÐ KUNNA AÐ TAKMARKA SIG. HÉR KOMA LEIÐBEININGAR SEM VONANDI GAGNAST LÖGMÖNNUM VEL.

Stjórnvöld

www.rettarheimild.is er upplýsingasíða á vegum stjórnvalda og hefur að geyma afar öflugan leitarstreng þar sem hægt er að nálgast helstu lagagögn og réttarheimildir. Á síðunni birtast m.a. stjórnvaldsúrskurðir, úrskurðir Félagsdóms og tenglar eru í allar úrskurðarnefndir á vegum stjórnvalda.

www.althingi.is Gríðarlegt magn upplýsinga er á heimasíðu Alþingis. Hægt er að leita í málum og málsheitum frá árinu 1911 og mynduð þingskjöl eru tiltæk frá 1959. Síðan er hægt að leita í texta þingskjala og í ræðutexta frá 1961 í orðaleit. Það er þó ekki alltaf auðvelt að finna eldri lög og þingmál á heimasíðunni þótt upplýsingar um hvenær lögin voru sett liggi fyrir.

Benda má á þessa leið: Opna flipann „Þingmál á yfirstandandi þingi“, fara svo í „lagafrumvörp“. Lengst til hægri á síðunni er hægt að velja ár og fá upp öll lagafrumvörp sem þá voru til afgreiðslu, allar þingsályktunartillögur, beiðnir, skýrslur og umræður utan dagskrár.

Ef menn gefast upp á að leita upplýsinga á heimasíðu Alþingis er gott að „goggle“ leitarorð. Það er nefnilega

ekki víst að allar upplýsingar komi á leitarvél Alþingis þrátt fyrir að þær eigi að liggja þar fyrir.

www.reglugerd.is hefur að geyma heildarsafn gildandi reglugerða á Íslandi sem birtar eru í B-deild Stjórnartíðinda. Hægt er að leita eftir númeri og nafni reglugerðar, ráðuneyti, dagsetningu og útgáfuári. Mun fljótlega er að finna upplýsingar á þessari heimasíðu heldur en í stjórnartíðindum.

www.stjornartidindi.is hefur að geyma A, B og C deild. Í A deild eru lög, auglýsingar og tilkynningar almenns efnis sem og reglur sem Alþingi kann að setja um framkvæmd almennra málefna í þingsályktunum. Í B deild eru reglugerðir, samþykktir og auglýsingar, úrslit alþingiskosninga ofl. Í C deild eru samningar við önnur ríki.

www.logbirtingablad.is er arftaki hin prentaða Lögbirtingablaðsins og hefur að geyma sömu upplýsingar; innkallanir, greiðsluáðlögun, greiðsluáskorun, nauðungarsölu ofl. Áskrift að rafrænum aðgangi fæst á sanngjörnu verði.

www.ees.is er heimasíða EES-vefsetursins og hefur að geyma íslenska þýðingu á EES samningnum og þeim lagagerðum sem falla undir hann. Í gegnum vefsetrið er hægt að fletta upp EFTA samningnum og í Stjórnartíðindum ESB (official Journal) í gagnagrunninum EurLex.

www.syslumenn.is upplýsir almenning um sífjamál, lögráðamál, dánarbú og fleira en þar eru einnig upplýsingar um fullnustugerðir og auglýsingar um uppboð hjá sýslumannsembættunum.


Dómstólar

www.haestirettur.is birtir dóma frá 1998.

www.domstolar.is birtir dóma héraðsdómstólanna frá 2006.

Bækur, blöð og tímarit

www.timarit.is er vefur á vegum Landsbóksafnsins en þar er ókeypis aðgangur að blöðum og tímaritum eins og *Tímariti lögfræðinga* 1951-2005, *Morgunblaðinu* 1913-2008,



Fréttablaðinu 2001-2009 ásamt fjölda annarra. Best er að nota gæsalappir utan um efnisorð til að takmarka leit og þeir sem nota vefinn reglulega geta notað skráningu í hægra horni til að geyma upplýsingar úr fyrri leitum.

Ef verið er að leita að nýrri greinum úr *Morgunblaðinu* er hægt að kaupa aðgang að þeim á www.mbl.is en þar er einnig mjög góður leitarstrengur. *Tímarit lögfræðinga* frá 2005 til dagsins í dag er selt rafrænt á heimasíðu Lögfræðingafélags Íslands; www.logfraedingafelag.is.

Fyrir þá sem grúska í gömlum skræðum er rykið ekki lengur vandamál því *Grágás*, *Lögbók Íslendinga*, *Lovsamling for Island*, *Járnsíða* og fleiri bækur eru komnar inn á heimasíðuna www.baekur.is.

Margar námsritgerðir í lögfræði, allt frá árinu 2006, er hægt að nálgast með rafrænum aðgangi á www.skemman.is. Þar eru, auk lokaritgerða, ritrýndar greinar kennara og erindi sem þeir hafa haldið.

Allur bókakostur lögfræðibókasafna er skráður á www.gegnir.is en með því að skrá sig inn á heimasíðuna er hægt að sjá sögu útlána, láta taka frá bækur og framlengja lán. Einnig er nýr vefur kominn sem tengir saman gegni.is, tímarit.is, skemmuna.is og Ljósmyndasafn Reykjavíkur: www.leitir.is

Dómasöfn

Nýsköpunarfyrirtækið Fons Juris hefur komið dómum Hæstaréttar á netið með öflugri leitarvél og hyggst bjóða upp á leit lögfræðilega heimilda á einum stað í framtíðinni. Hæstaréttardómar eru þegar komnir á heimasíðuna ásamt dómareifunum en vefvang þeirra er www.fonsjuris.is

Í Dómasafni Creditinfo www.domasafn.is er að finna alla hæstaréttardóma sem fallið hafa frá stofnun Hæstaréttar árið 1920, auk þeirra dóma undirréttar sem áfrýjað hefur verið. Leitarvél hefur nýlega verið endurhönnuð

og beygingarorðasafn tengt við hana. Margvísleg leitarskilyrði spara notendum tíma og auðvelda leit að þeim dómum sem þörf er á. Reifanir dóma eru aðgengilegar fyrir stóran hluta dómasafnsins, eða tímabilin 1920-1959; 1967-1980 og 1999-2011. Reifanirnar birtast í textaboxi þegar músinni er rennt yfir númer dóms í leitarniðurstöðum en þessi framsetning getur auðveldað aðgreiningu á því hvort dómur eigi við það sem leitað var að. Einnig er unnið að því að skrá lagatílvísanir á dóma og er þeirri skráningu lokið fyrir dóma frá árunum 1920-1954. Þá hafa notendur dómasafnsins einnig aðgang að sérstöku heimasvæði „Mitt dómasafn“ sem gerir þeim kleift að safna saman dómum á einn stað til að vinna með þá síðar og setja inn athugasemdir við dóma sem verið er að vinna með.





Sambúðarlögin sænsku og reynsla af þeim

Í SVÍPJÓÐ Hafa verið í gildi Lög um Sambúðarfólk í Tæplega 40 ár og er reynslan af þeim góð. Þau eru skýr og skilmerkileg og eftir tilkomu þeirra hafa fáir dómur fallið í þessum málaflokki.

Í nútímasamfélagi er ekki hægt að gera þá kröfu að pör gifti sig. Lögjafarvaldið verður að sjá til þess að þegar fái vernd þrátt fyrir að ekki er tekið það skref að láta gefa sig saman. Reynslan sýnir að mjög erfitt er að fara með sambúðarslitamál fyrir dómstóla ef einungis annar aðilinn er skráður fyrir eignum. Hinn aðilinn hefur oftast lagt sitt af mörkum til heimilisins á annan hátt og þetta er spurning um sanngirni og réttvísi; að vernda þann sem minna hefur. Í þessari grein hyggst ég kynna sænsku sambúðarlögin og reynslu Svía af þeim.

Sænsku sambúðarlögin

Árið 2003 tóku í gildi lög um sambúðarfólk sem nefnast „Sambolag“ og hafa að geyma tæmandi reglu varðandi sambúðarslit. Lögin gilda um tvo einstaklinga sem búa saman í föstu sambandi, kyn skiptir ekki máli, og halda sameiginlegt heimili. Vilji þarf að vera fyrir því í upphafi að sambandið sé varanlegt og skiptir þá ekki máli hvort slíkt hafi orðið í raun. Þá gilda lögin einungis um sameiginlegt heimili og

búslóð, sambúðareign sem skiptist við sambúðarslit.

Ákvæði er í lögunum um að eign, sem sambúðaraðili hefur fengið að gjöf, í arf eða með erfðaskrá með ákvæði um að eignin eigi að vera séreign, sé ekki sambúðareign og fer því ekki inn í eignaskiptin. Sambúðaraðilar geta valið að semja um hvort sambúðarlögin eigi að gilda eða ekki.

Lögin eru dispositiv, þ.e. hægt er að velja hvort þau eigi við að öllu leyti eða að hluta til. Þannig er hægt að semja um að vissar eignir eigi ekki að vera með í skiptunum eða allar sambúðareignir. Þær eignir sem eru með í eignaskiptunum eru þær sem eru til þegar sambúð er slitið ef þær falla undir sambúðarlögin.

Tímafrestur til að krefjast opinberra skipta er eitt ár og byrjar fresturinn að renna út þegar sambúð er slitið. Á tímabilinu frá sambúðarslitum og þar til eignaskipti eru gerð er sambúðaraðili

skyldugur til að gera grein fyrir þeirri sambúðareign sem hann eða hún ber ábyrgð á.

Upphaf og endir sambúðar

Meginreglan er sú að frá þeim tíma sem aðilar flytja á sameiginlegt heimilisfang telst sambúð stofnuð. Oft er stuðst við að aðilar hafi haft sameiginlegt heimili og fjármál í a.m.k. 6 mánuði en einnig gefur barneign oft vísbendingu um sambúð. Jafnframt telst það til sambúðar, þrátt fyrir að sambúðartíminn sé styttri en 6 mánuðir, ef t.d. sameiginlegur bankareikningur er fyrir hendi, gagnkvæm erfðaskrá og samningur. Allt slíkt sem ber merki um að vilji fyrir varanlegu sambandi hafi verið fyrir hendi frá upphafi getur leitt til þess að aðilar séu taldir í sambúð.

Sambúð lýkur við giftingu, þegar aðili flytur frá sameiginlegu heimili, við dauðsfall, ef sambúðaraðili sækir um

NJA 1994:256

Málið snérist um rétt til trygginga-greiðslna eftir fráfall annars sambúðaraðilans. Tryggingafélagið hafði greitt út líftryggingu til konu sem það taldi að maðurinn væri í sambúð með við fráfallið en var stefnt af börnum hins látna frá fyrra hjónabandi. HR komst að þeirri niðurstöðu að skráð heimilisfang var ekki afgerandi í þessu máli en hinn látne átti sjálfur

íbúð þar sem hann var skráður með heimilisfang. HR taldi raunverulega búsetu á sameiginlegu heimili skipta mestu máli en aðilarnir áttu einnig barn saman. Þau töldust því búa á sameiginlegu heimili með varanlegri búsetu, þrátt fyrir að maðurinn hafi notað eigin íbúð að einhverju leyti.

Lög um sambúðarfólk hafa verið í gildi í Svíþjóð frá 1973. Fyrstu lögin nefndust „Lag om ogifta sambors gemensamma bostad“ en skv. þeim hafði annar sambúðaraðilinn rétt á að yfirtaka sameiginlegt heimili gegn greiðslu til hins aðilans. Árið 1987 voru sett ný lög sem nefndust „Lag om sambors gemensamma hem“. Markmið þeirra var að vernda veikari aðilann við sambúðarslit en verðgildi hins sameiginlega heimilis skiptist á milli aðila ef þeir höfðu byggt það upp sameiginlega.



opinber skipti, ef sambúðaraðili sækir um að búa áfram á sameiginlegu heimili og ef stefnt er í máli um að yfirtaka heimili sem ekki fellur undir búskipti sambúðarlaga.

Sambúðareign

Sambúðareign er sameiginlegt heimili (fasteign, leiguíbúð eða búsetuíbúð) og sameiginleg búslóð sem sambúðaraðilar hafa aflað sér með sameiginlegri notkun í huga frá upphafi. Skiptir þá ekki máli hver er skráður eða þinglýstur eigandi. Við mat á þessu verður að athuga hvenær einstaklingurinn varð eigandi eignarinnar. Tímamörkin skipta máli því ef tilgangurinn með kaupunum er sá að nota eigi fasteignina, leiguíbúðina, búseturéttinn og / eða búslóðina sameiginlega þá telst það til sambúðareignar. Skilyrðum laga er ekki fullnægt ef eignin er keypt áður en til sambúðar var stofnað.

Algengt er að stofnað sé til sambúðar með þeim hætti að annar sambúðaraðilinn flytur inn á heimili hins, í eign sem ekki er keypt eða aflað sameiginlega. Næstu húsakaup eru sameiginleg og það sem lagt er inn í þau kemur að mestu leyti frá fyrri sölu annars aðilans. Því miður skrifar fólk í þessari aðstöðu ekki alltaf sambúðarsamning og þar af leiðandi gildir helmingaskiptareglan við hugsanleg sambúðarslit.

Sambúðaraðili hefur undir vissum kringumstæðum einnig rétt á að yfirtaka sameiginlegt heimili þrátt fyrir að heimilið sé ekki sambúðareign og fari þannig ekki undir búskiptin.

Einungis rými í byggingu getur

talist sem sameiginlegt heimili en ekki húsbátur, tjald, óbyggð lóð eða sumarbústaður.

Sameiginleg búslóð

Undir sambúðarlögin fellur sameiginleg búslóð, þ.e. lausafé sem er ætlað fyrir hið sameiginlega heimili, s.s. húsgögn, heimilistæki og annað venjulegt lausafé. Spurning getur að sjálfsögðu vaknað um mat á hvað teljist eðlilegt, t.d. dýrt málverk sem ekki er í samræmi við verðgildi búslóðar að öðru leyti. Munir sem eru einungis notaðir af öðrum aðilanum, s.s. persónulegir munir, föt og frístundataeki, falla ekki undir sameiginlega búslóð. Fyrirtæki og það sem eingöngu er notað í atvinnuskyni annars sambúðaraðilans og bifreið falla ekki undir lögin. Það sama á við um húsdýr.

Ráðstöfun sambúðareignar

Sambúðaraðili sem er eigandi sambúðareignar getur ekki, án samþykkis hins sambúðaraðilans, gefið, leigt út, veðsett eða á annan hátt látið af hendi sambúðareign eða eign sem sambúðaraðili hefur rétt á að yfirtaka. Það sama á við um búslóð sem er sambúðareign. Samþykki sambúðaraðila verður að vera skriflegt og gildir það einnig ef um dánarbú er að ræða.

Ef annar sambúðaraðilanna á leigu- eða búseturétt á hinn aðilinn rétt á að yfirtaka sameiginlegt heimili ef hann hefur meiri þörf fyrir það. Þetta gildir þó að ekki sé um sambúðareign að ræða samkvæmt lögnum og er þvingandi ákvæði.

NJA 2006 s 206

Í dóminum var sambúðaraðila, sem bjó áfram á sameiginlegu heimili eftir sambúðarslit, gert að greiða hinum aðilanum fyrir notkun af heimilinu þar til búskipti áttu sér stað. Má því segja að hér hafi verið um leigu að ræða. Greiðsla fyrir notkun ætti að koma til greina ef sérstaklega langur tími liði frá sambúðarslitum til búskipta. Greiða eigi fyrir notkun jafnvel alveg frá sambúðarslitum eða takmarkast við nokkra mánuði frá sambúðarslitum. Frá 2011 er slíkt ákvæði lögfest.

Sambúðarsamningur

Sambúðarsamningur er samningur á milli sambúðarfólks eða verðandi sambúðarfólks og gengur út á að semja um að reglur um búskipti í sambúðarlögnum eigi ekki að gilda. Samningurinn verður að vera skriflegur og undirritaður af báðum aðilum en ekki er hægt að skrásetja hann.

Ekki gilda eins strangar reglur um sambúðarsamninga og kaupmála á milli hjóna og ekki er hægt að semja um að reglur hjúskaparlaga gildi að öllu leyti í sambúðarsamningi. Þannig er ekki hægt að draga inn aðrar eignir undir búskipti en sambúðareign né heldur að semja um að þvingandi ákvæði í lögnum eigi ekki að gilda, t.d. reglur um yfirtökurétt sambúðaraðila ef hann hefur meiri þörf fyrir heimilið.

Sambúðarsamningur getur haft að geyma ákvæði um að sameiginlegt heimili eigi ekki að vera með í búskiptum eða að skipta eigi með öðrum hætti en samkvæmt sambúðarlögnum. Skiptir ekki máli um hvers konar heimili er að ræða, fasteign, leiguíbúð eða búseturétt. Afleiðing skipta getur því orðið að eigandi sambúðareignar heldur þeirri eign við búskipti eftir slit sambúðar. Sambúðaraðilar geta ekki dregið inn aðrar eignir í búskiptin og verða að gera annars konar samninga, t.d. kaup eða gjöf.

NJA 2004 s 542

Málið snérist um fasteign sem ekki var keypt með sameiginlega notkun í huga enda keypt áður en til sambúðar var stofnað. Á sambúðartímabilinu var byggð viðbygging sem var ætluð til sameiginlegrar notkunar og var deilt um hvort viðbyggingin eða fasteignin í heild kæmu undir skiptin.

HR taldi að þar eð fasteignin var ekki keypt með sameiginlega notkun í huga yrði reglum sambúðarlaga um eignaskipti ekki beitt þrátt fyrir að viðbygging við fasteignina hafi átt sér stað á sambúðartímanum með sameiginlega notkun í huga.



Í lokin

Sænsku sambúðarlögin veita lágmarksvernd og engin framfærsluskylda er á milli sambúðaraðila né erfðaréttur. Hægt er að segja að þau séu „mini hjúskaparlög“ af því að þau vernda það sem oftast verður til í búi sambúðarfólks, þ.e. húsið, búsetu- eða leigurétt og búslóðina. Umræða hefur verið í Svíþjóð um að taka bifreiðir einnig undir sambúðarskipti en það hefur ekki fengið meðbyr. Samngjarnt getur verið að taka bifreið sem notuð er sameiginlega einnig undir skipti við sambúðarslit.

Sambúðarfólk erfir ekki hvort annað en við dauðsfall getur eftirlifandi sambúðaraðili krafist búskipta en ekki dánarbúið. Þá er löggilt lítil „basbelopps“ regla, eða verndarregla, sem kveður á um að eftirlifandi sambúðaraðili eigi rétt á vissri lágmarksupphæð úr dánarbúi hins látna sambúðaraðila ef sá eftirlifandi á engar eða litlar eignir. Þessi upphæð er í dag (2012) SEK 88.000 sem samsvarar ISK 1.540.000.

Ég tel að tími sé kominn til að bæta réttarstöðu sambúðarfólks á Íslandi en við endurbætur á íslensku löggjöfinni

væri ekki verra að hafa sænsku lögin í huga því þau veita lágmarksvernd.

Sigrún Kristmannsdóttir Landvall hdl., er lögmaður í Svíþjóð með scenskan, íslenskan og alþjóðlegan einkamálarétt sem sérgrein. Sigrún starfar einnig á Íslandi.



NÝ MÁLFLUTNINGS- RÉTTINDI FYRIR HÆSTARÉTTI

**Baldvin Björn
Haraldsson hrl.**

BBA legal
Höfðatorgi, 18. hæð
105 Reykjavík
Sími: 550-0503

Oddgeir Einarsson hrl.

OPUS lögmennt
Austurstræti 17
101 Reykjavík
Sími: 415-2200

**Torfi Ragnar
Sigurðsson hrl.**

Lögmenn Suðurlandi
Austurvegi 3
800 Selfoss
Sími: 480-2900

NÝ MÁLFLUTNINGS- RÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMI

**Dagbjört S.
Oddsdóttir hdl.**

BBA legal
Höfðatúni 2
105 Reykjavík
Sími: 553-3991

**Guðný Ösp
Ragnarsdóttir hdl.**

Landsbankinn
Sigtúni 42
105 Reykjavík
Sími: 665-8909

Jón Ingi Þorvaldsson hdl.

Jónatansson & Co.
lögmannsstofa
Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími: 533-3434

**Júlíus Kristinn
Magnússon hdl.**

Laugavegi 34b
101 Reykjavík
Sími: 899-2423

**Kara Borg
Fannarsdóttir hdl.**

LEX ehf.
Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími: 590-2600

Kristjana Jónsdóttir hdl.

Skuldaskil ehf.
Austurstræti 10a
101 Reykjavík
Sími: 551-6412

**Kristín Þóra
Harðardóttir hdl.**

Samtök atvinnulífsins
Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591-0018

**Halldór Karl
Halldórsson hdl.**

LOGOS lögmannsþjónusta
Efstaleiti 5
103 Reykjavík
Sími: 540-0300

Helgi Már Ólafsson hdl.

Sjóvá-Almennar
tryggingar hf.
Kringlunni 5
103 Reykjavík
Sími: 440-2052

Rakel Elíasdóttir hdl.

Gjaldheimtan ehf.
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Sími: 570-5500

Íris Egilsdóttir hdl.

Íris Egilsdóttir
lögfræðiþjónusta
Hafnarstræti 99-101
600 Akureyri
Sími: 466-1600

**Ingibjörg Ólöf
Vilhjálmisdóttir hdl.**

Land-lögmenn
Smáratorgi 3
200 Kópavogur
Sími: 546-4040

Pétur Fannar Gíslason hdl.

Lögmenn Hamraborg 12
Hamraborg 12
200 Kópavogur
Sími: 571-1600

Sandra Hlíf Ocares hdl.

Ocares slf.
Laugavegi 26
101 Reykjavík
Sími: 867-2249

Sigrún Jóhannsdóttir hdl.

Lögmannsstofa Sigrúnar
Jóhannsdóttur
Skaftahlíð 10
105 Reykjavík
Sími: 698-9707

Snorri Steinn Vidal hdl.

Réttarbót lögmannsstofa
Gylfaflöt 3
112 Reykjavík
Sími: 650-2165



Úlfar Guðmundsson hdl.
Hafnargötu 27a, 3. hæð
230 Reykjanesbær
Sími: 844-7188

Þorsteinn Yngvason hdl.
Landsbanki Íslands hf. – í
slitameðferð
Austurstræti 16
101 Reykjavík
Sími: 698-0226

Þórunn Helga Þórðardóttir hdl.
Kaupþing hf.
Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími: 856-6812

ENDURÚTGEFIN MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI

Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.
Stigahlíð 63
105 Reykjavík

Drífa Kristín Sigurðardóttir hdl.
Landsbankinn hf.
Hafnarstræti 5
101 Reykjavík
Sími: 410-7463

Hlynur Ingason hdl.
Lagarök lögmannsstofa
Síðumúla 27
108 Reykjavík
Sími: 588-1177

Pétur Einarsson hdl.
Hvannavöllum 6
600 Akureyri
Sími: 659-3413

Þóra Margrét Hjaltested hdl.
Arion banki
Borgartúni 19
105 Reykjavík
Sími: 444-6166

Fanney Rós Þorsteinsdóttir hdl.
Embætti ríkislögmanns
Hverfisgötu 6
101 Reykjavík
Sími: 545-8490

NÝR VINNUSTAÐUR

Erlendur Kristjánsson hdl.
Íslandsbanki
Kirkjusandi 2
105 Reykjavík
Sími: 440-4000

Jóhann Karl Hermannsson hdl.
Íslög ehf.
Túngötu 6
101 Reykjavík
Sími: 414-7400

Guðmundur Egill Erlendsson hdl.
Greiðslustofa
Vinnumálastofnunar
Túngötu 1-3
545 Skagaströnd
Sími: 582-4900

Guðmundur Jónsson hdl.
Lögmannsstofa
Guðmundar Jónssonar
Hafnarstræti 20
101 Reykjavík
Sími: 615-1584

Guðrún Hulda Ólafsdóttir hdl.
Fyrirtækjasalan Suðurver
ehf.
Lækjargötu 5
101 Reykjavík
Sími: 581-2040

Birgir G. Magnússon hdl.
Lögmennt Hamraborg 12
Hamraborg 12, 3. hæð
200 Kópavogur
Sími: 571-1600

Ingibjörg Ingvadóttir hdl.
Lögmennt Hamraborg 12
Hamraborg 12, 3. hæð
200 Kópavogur
Sími: 571-1600

Jóhanna Krístrún Birgisdóttir hdl.
Reiknistofa bankanna hf.
Kalkofnsvegi 1
150 Reykjavík
Sími: 569-8785

Laufey Kristjánsdóttir hdl.
Höfuðborg fasteignasala
Hlíðarsmára 2
201 Kópavogur
Sími: 414-4488

Linda Björk Bentsdóttir hdl.
Lögmennt Hamraborg 12
Hamraborg 12, 3. hæð
200 Kópavogur
Sími: 571-1600

Ólafur Páll Ólafsson hdl.
Seðlabanki Íslands
Kalkofnsvegi 1
150 Reykjavík
Sími: 569-9600

Pálmi Þór Másson hdl.
Kópavogsbær
Fannborg 2
200 Kópavogi
Sími: 570-1500

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir hdl.
Lögmennt Hamraborg 12
Hamraborg 12, 3. hæð
200 Kópavogur
Sími: 571-1600

Vilhjálmur Bergs hdl.
Íslensk verðbréf hf.
Sigtúni 42
105 Reykjavík
Sími: 460-4740

Þorsteinn Pétursson hdl.
Málþing ehf.
Ingólfsstræti 3
101 Reykjavík
Sími: 561-8200

NÝTT AÐSETUR

Bjarki Þór Sveinsson hdl.
Málflutningsstofa
Reykjavíkur
Húsi verslunarinnar –
Kringlunni 7, 9. hæð
105 Reykjavík
Sími: 571-5400

Einar Gautur Steingrímsson hrl.
Skógarhlíð 12
105 Reykjavík
Sími: 563-1800

Gunnhildur Pétursdóttir hdl.
Skógarhlíð 12
105 Reykjavík
Sími: 563-1800

Katrín Smári Ólafsdóttir hdl.
Skógarhlíð 12
105 Reykjavík
Sími: 563-1800

Guðmundur Pétursson hrl.
Skógarhlíð 12
105 Reykjavík
Sími: 563-1800

Ásgeir Björnsson hdl.
Skógarhlíð 12
105 Reykjavík
Sími: 563-1800

Eiríkur Gunnsteinsson hrl.
Land-lögmennt
Smáratorgi 3
200 Kópavogur
Sími: 546-4040

Sigurður Jónsson hrl.
Land-lögmennt
Smáratorgi 3
200 Kópavogur
Sími: 546-4040

Atli Már Ingólfsson hdl.
Land-lögmennt
Smáratorgi 3
200 Kópavogur
Sími: 546-4040

Hjálmar Blöndal hdl.
Hávallagötu 14-16
101 Reykjavík
Sími: 862-6211

Litla prent

Stórt verk lítið mál



prent.is

Litlaprent ehf. | Skemmuvegi 4 | 200 Kópavogi
Sími 540 1800 | Fax 540 1801 | litla@prent.is



VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtuþjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.



TCM INNHEIMTA
SUDURLANDSBRAUT 4A
108 REYKJAVÍK
www.tcm.is